



Jón Friðrik Jóhannsson
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins




Flugmálastjórn Íslands

Flugslysaæfing



Þórshöfn 2003



Inngangsorð.

Undanfarin sjö ár hafa verið haldnar flugslysæfingar, á stærri áætlunarflugvöllum landsins. Æfingarnar hafa verið haldnar að frumkvæði Flugmálastjórnar Íslands, og að undirbúningi og framkvæmd hafa komið fjöldi aðila bæði heima í héraði sem og af höfuðborgarsvæðinu. Æfing sú sem haldin var á Þórshöfn þann 19. maí var liður í ofangreindri æfingarlotu.

Markmið æfinganna hefur verið að:

- leiða saman þá viðbragðsaðila sem hafa hlutverki að gegna vegna flugslysa á viðkomandi flugvelli.
- tryggja fræðslu á sviði viðbúnaðar og viðbrögðum við hópslysum
- reyna á samstarf og samþættingu viðbragðsaðila
- draga fram lærdóm sem nýtast megi við frekari undirbúning vegna flugslysa eða annarra hópslysa.

Æfingar sem þessar kalla á mikinn undirbúning fjölda aðila og hleypur beinn- og óbeinn kostnaður við hverja æfingu á milljónum króna. Hér er því um að ræða mikilsvert framlag fjölda aðila, félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana sem miðar að því að tefla fram vel þjálfuðum og samhæfðum mannskap ef til stór áfalla kemur.

Það er vel að tíðni flugslysa og annarra stóráfalla hér á landi er lág. Það er að sama skapi þeim mun mikilvægara að þeir sem hafa verkskyldum að gegna við slík tilfelli, séu vel þjálfaðir og störf þeirra samhæfð. Sá undirbúningur og æfing sem fram fór á Þórshöfn á vordögum 2003 var liður í því. Til þess að viðhalda þeirri reynslu sem aflað var, skiptir miklu að halda áfram á sömu braut. Þannig má segja að um sé að ræða hringferli þar sem að:

- æfa þarf reglulega samhæfð viðbrögð þeirra sem hafa verkskyldum að gegna
- draga fram lærdóm / það sem betur má fara.
- uppfæra / lagfæra áætlanir og verklag í samræmi við lærdóminn
- æfa svo aftur o.s.fr.

Um leið og Þórshafnarbúum er óskað til hamingju með ný afstaðna æfingu eru þeir hvattir til að halda áfram því þróttmikla starfi sem vel mátti greina á þessari ný afstöðnu æfingu.

Skýrslu þessari er ætlað að draga saman helstu upplýsingar um undirbúning, framkvæmd og niðurstöður æfingarinnar. Rétt er að benda sérstaklega á kafla 4 þar sem teknar eru saman helstu tillögur til úrbóta.

Það er von þeirra sem unnu með Þórshafnarbúum að æfingunni, að þessi lærdómur megi koma að gagni í áframhaldandi starfi.

Árni Birgisson
æfingarstjóri



Efnisyfirlit.

Bls.	
3	Inngangsorð
5	Efnisyfirlit
7	Kafl 1 - Undirbúningsvinna æfingarinnar
10	Kafl 2 - Þátttaka í æfingunni
11	Kafl 3 - Almenn um framgang æfingarinnar
13	Kafl 4 - Helstu niðurstöður og tillögur til úrbóta
17	Kafl 5 - Lokaskýrslur hópa / hópstjóra
19	<ul style="list-style-type: none">• Skipulag vettvangs
23	<ul style="list-style-type: none">• Sjálfboðaliðar
27	<ul style="list-style-type: none">• Aðgerðarstjórn / Vettvangsstjórn / Lögregla
33	<ul style="list-style-type: none">• Slökkvilið
37	<ul style="list-style-type: none">• Heilbrigðisþjónusta
43	<ul style="list-style-type: none">• Björgunarsveitir
47	<ul style="list-style-type: none">• Fjöldahjálp
59	<ul style="list-style-type: none">• Flugvallarstarfsmenn
63	<ul style="list-style-type: none">• Rannsókn og skráning
67	<ul style="list-style-type: none">• Fjarskipti
71	Viðaukar

KAFLI 1

Undirbúningsvinna æfingarinnar.

Vegna nálægðar Þórshafnar og Vopnafjarðar og sökum þess að nokkuð er um samstarf á skipulagi viðbragðsaðila var ákveðið að halda æfingar á báðum stöðunum (á sitt hvorum deginum) og nýta undirbúninginn að hluta til sameiginlega. Eftir á að hyggja reyndist það fyrirkomulag ekki sem best.

Með bréfi dagsett 27. febrúar 2003 voru viðbragðsaðilum á Þórshöfn kynntar hugmyndir að því að haldin yrði flugslysæfing á svæðinu. Voru forsvarsmenn viðbragðsaðila hvattir til að tilnefna tengiliði fyrir sínar starfseiningar, sem saman mynduðu vinnuhóp vegna undirbúningsins. Þá var boðað til fundar þann 13. mars, þar sem fyrirhuguð æfing og undirbúningur hennar var kynnt og rædd.

Á fundinn mættu fulltrúar allra viðbragðsaðila á Þórshöfn. Kynntar voru hugmyndir að æfingunni og farið yfir í hverju undirbúningur slíkrar æfingar væri fólgin. Almennur áhugi fundarmanna var á því að slík æfing yrði haldin, enda langt um liðið síðan sambærileg æfing var síðast haldin. Afráðið var að æfingin yrði haldin í byrjun maí, en við frekari undirbúning æfingarinnar kom í ljós að fyrsta helgin í maí hentaði ekki og var ákveðið að æfingin skyldi haldin 15. - 19. maí 2003.

Óskað var eftir því að Þórshafnarbúar tilnefndu einn aðila sem lykil tengilið heimamanna vegna undirbúnings æfingarinnar. Lengi framan af var ekki ljóst hver myndi gegna þeirri stöðu, en að lokum kom það í hlut Siggeirs Stefánssonar (Björgunarsveitinni Hafliða) að gegna henni. Það er óhætt að segja að hanna hafi gegnt því starfi vel. Hlutverk lykiltengiliðs var m.a. að halda utan um / samhæfa undirbúningsvinnu heimamanna og annast samskipti við fulltrúa svo nefnds "flugslisahóps". Sá hópur hefur unnið með heimamönnum að undirbúningi og framkvæmd þeirra flugslysæfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár. Flugslisahópin skipa fulltrúar Flugmálastjórnar, Landlæknis, Landspítala háskólasjúkrahúss, Lögreglunnar í Reykjavík, Rannsóknarnefndar flugslysa, Rauða kross Íslands, Ríkislögreglustjóra, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Slökkviliðs Akureyrar og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Fram að æfingunni fór fram margs konar undirbúningur, fræðsla og þjálfun, bæði innan einstakra viðbragðseininga sem og þeirra á meðal. Innan hverrar viðbragðseiningar var unnið að margskonar undirbúningi, bæði í samvinnu við aðila úr flugslyisahópnum og einslega. Þá voru skipulögð námskeið og fræðsla vikunnar fyrir æfinguna og má þar nefna: skipulag aðgerða á vettvangi (SÁBF) og fyrstahjálp. Þátttaka í þeim námskeiðum var mis góð og hefði verið betra að sjá hana meiri.

Megin þunginn í fræðslu og þjálfun fór svo fram dagana fyrir æfinguna sjálfa. Þannig voru báðar æfingarnar og undirbúningur þeirra formlega settar/-ur föstudaginn 16. maí. Flutt voru ýmis fræðsluerindi fram eftir kvöldi. Laugardaginn 17. maí var skipt upp þannig að fyrir hádegi var unnið að undirbúningi á Þórshöfn en eftir hádegi var unnið að undirbúningi á Vopnafirði og um kvöldið var boðið upp á erindi fyrir báða staðina. Sunnudaginn 18. maí fór sjálf æfingin fram á Vopnafirði og mánudaginn 19. fór æfingin fram á Þórshöfn.

Fyrir hádegi var unnið að loka undirbúningi. Um hádegi var haldinn stöðufundur og sjálf æfingin hófst um klukkan 13:00. Að lokinni æfingunni og frágangi var svo haldinn úrvinnslufundur í félagsheimilinu, þar sem farið var yfir hvernig til hafði tekist. *Sjá nánar meðfylgjandi dagskrá æfingarinnar.*

Dagskrá vegna flugslysaæfinganna á Vopnafirði og Þórshöfn 2003

Flugslysaæfingar á Þórshöfn og Vopnafirði 2003 Almenn dagskrá

	Undirbúningur Fim. 15. maí	Undirbúningur Fös. 16. maí	Undirbúningur Lau. 17. maí	Æfing Vopnafirði Sun. 18. maí	Æfing Þórshöfn Mán. 19. maí
08:00 - 09:00					
09:00 - 10:00			Vinnuhópar að störfum	Vinnuhópar að sörfum	Vinnuhópar að störfum
10:00 - 11:00		Undirbúningur heilbrigðisstarfsmanna á Þórshöfn		Stöðufundur	Stöðufundur
11:00 - 12:00			Stöðufundur allra hópa (30min)	Matur í félagsheimilinu	Matur í íþróttahúsinu
12:00 - 13:00					
13:00 - 14:00		Undirbúningur heilbrigðisstarfsmanna á Þórshöfn	Matur í íþróttahúsinu		
14:00 - 15:00				Æfing	Æfing
15:00 - 16:00	Undirbúningur heilbrigðisstarfsmanna á Vopnafirði		Vinnuhópar að störfum		
16:00 - 17:00		Setning æfingarinnar kynning			
17:00 - 18:00		Flugslysaáætlun / SÁBF			
		Ferli og flokkun slasaðra			
		Flugslysið við Höfn 1998		Frágangur og sund	Frágangur og sund
18:00 - 19:00		Umhengni um vettvang með tillit til rannsóknar	Matur Gistiheimilið Vopnafj.		
19:00 - 20:00	Undirbúningur þjögungarsveitanna á Vopnafirði	Matur í íþróttahúsinu	Stöðufundur allra hópa (30min)	Úrvinnslufundur	Úrvinnslufundur í félagsheimilinu
20:00 - 21:00		Ýmis hópafræðsla	Fjölmíðlar við höpslys	Matur í félagsheimilinu	Matur í félagsheimilinu
21:00 - 22:00			Ýmis hópafræðsla	"Á léttum nótum"	"Á léttum nótum"
22:00 - 23:00					

Haldið á Þórshöfn
Haldið á Vopnafirði

Vinnuhópar vegna undirbúnings á Þórshöfn

Undirbúningsvinnan fyrir æfingarnar var unnin í hópum, þar sem unnið var að ákveðnu viðfangsefni eða störfum ákveðinnar viðbragðseiningar. Umfang vinnuhópanna var mjög misjafnt, þannig gat einn og sami aðilinn verið í fleiri en einum vinnuhóp. Vinnuhóparnir reyndust mikilvægur vettvangur til að samhæfa störf, margra viðbragðsaðila, á ákveðnu sviði. Fulltrúar flugslysahópsins (að sunnan og frá Akureyri) leiddu vinnuna í vinnuhópunum, en markmiðið var að sem mest af vinnunni væri unnið af heimamönnum. Þessi vinna nýttist bæði til undirbúnings fyrir æfinguna, en ekki síður sem almenn fræðsla. *Sjá nánar lista yfir vinnuhópa.*

N r.	Heiti / viðfangsefni	HópaVINNU stýrt af:	Heimamenn (ekki tæmandi!)	Aðsetur
1	SkípuLag vettvangs (það að búa til slysið)	Jóhann Þór Jónsson (SA) – hópstjóri Rolf Tryggvason (SA) Jón Friðrik Jóhannsson (SHS).	Slökkvilið Björgunarsveitir Flugvallarstarfsmenn.	Flugvöllurinn
2	Sjálfboðaliðar (leikarar)	Vigdís Agnarsdóttir (RKÍ) - hópstjóri	Rauða kross deild	Grunnskólinn
3	Keyrslustjóri (handrit og bakskípuLag)	Árni Birgisson (FMS) – hópstjóri Kristján Torfason (FMS)		Grunnskólinn
4	Aðgerðastjóri (yfirstjóri og boðun)	Víðir Reynisson (RLS-AV) (Mun ekki starfa)	Almannavarnanefnd (mun ekki starfa)	
5	Vettvangsstjóri	Víðir Reynisson (RLS) – hópstjóri Atli Már Markússon (SL) Jón Friðrik Jóhannsson (SHS) Ágúst Svansson (LR) Jónína S. Sigurðardóttir (FML) Jón Baldursson (LHS) Bára Benediktsdóttir (LHS)	Lögreglan Slökkvilið Björgunarsveitir	Grunnskólinn
6	Slökkvilið	Jón Friðrik Jóhannsson (SHS) – hópstjóri Jóhann Þór Jónsson (SA) Rolf Tryggvason (SA)	Slökkvilið	Slökkvistöðin
7	Heilbrigðisþjónustan	Jón Baldursson – hópstjóri Bára Benediktsdóttir (LSH) Guðbjörg Pálsdóttir (LHS) Margrét Blöndal (LL) Anna S. Vernharðsdóttir (SL)	Læknar Hjúkrunarfræðingar Prestar Sjúkraflutningamenn Björgunarsveitir	Heilsugæslustöð
8	Lögreglan	Ágúst Svansson - hópstjóri (LR) Jónína S. Sigurðardóttir (FML)	Lögreglan	Lögreglustöðin
9	Björgunarsveitir	Atli Már Markússon – hópstjóri Anna S. Vernharðsdóttir (SL)	Björgunarsveitir	Björgunarsveitahús
10	Fjöldahjálp	Herdís Sigurjónsdóttir – hópstjóri Jóhann Thoroddsen (RKÍ) Guðný H. Björnsdóttir (RKÍ) Elma Guðmundsdóttir (RKÍ) Margrét Blöndal (LL)	Rauða kross deildir Prestar.	Grunnskólinn
11	Flugvallarstarfsmenn	Jóhann Þór Jónsson – hópstjóri Rolf Tryggvason (SA) Bergþór N Bergþórsson (FMS)	Starfsmenn á flugvelli	Flugvöllurinn
12	Rannsókn / skráning	Steinar Steinarsson – hópstjóri Ágúst Svansson (LR) Bára Benediktsdóttir (LHS), Víðir Reynisson (RLS-AV)	Lögreglan Slökkvilið Rauði kross deild Heilbrigðisstarfsmenn Björgunarsveitir o.fl.	Grunnskólinn
13	Fjarskipti	Jónína S. Sigurðardóttir (FML) - hópstjóri Ágúst Svansson (LR) Atli Már Markússon (SL) Jón Friðrik Jóhannsson (SHS)	Lögreglan Björgunarsveitir Slökkvilið	Grunnskólinn
14	Fjölmiðlar	Heimir Már Pétursson (FMS)	Staðar fjölmiðlar	Grunnskólinn

KAFLI 2

Þátttaka í æfingunni.

Til þess að æfing líkt og sú sem haldin var á Þórshöfn geti orðið að veruleika þarf mikinn mannskap. Ekki nóg með að það þurfi mannskap til þess að "leysa vandamálið" (flugslysið), heldur þarf líka mannskap til þess að "búa til vandamálið". Þannig má í raun segja að þátttakendur í æfingunni hafi verið að tvennum toga: þeir sem settu upp og léku vandamálið og þeir sem að leistu vandamálið. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum má ljóst vera að þátttaka í æfingunni hafi verið rúmlega eitt hundrað manns. Þar af voru um 96 heimamenn og 19 aðkomumenn. Heildarfjöldi viðbragðsaðila sem vann að "lausn vandans" voru um 63. Það lætur því nærri að rúmlega 15% Þórshafnarbúa hafi komið með beinum hætti að æfingunni.

Listi yfir þátttakendur

–

Starfseining	Fjöldi
Almannavarnanefnd / aðgerðastjórn	9
Björgunarsveitin	20
Flugvallarstarfsmenn	2
Heilsugæslan	9
Lögreglan	3
Leikarar (sjúklingar og aðstandendur)	24
Rauð krossinn	16
Prestur	1
Sjúkraflutningar	4
Slökkvilið	8
Flugslysaþópurinn (að sunnan og frá Akureyri)	19
Samtals	ríflega 115

KAFLI 3

Almennt um framgang æfingarinnar.


Liður í æfingunni var að "allir máttu vita allt". Þannig var æfingin ekki hugsuð sem úttekt eða próf, þar sem búið væri til slys sem enginn fengi að vita neitt um þar til á hólminn væri komið. Þannig var æfingin fremur hugsuð sem heildstætt þjálfunarferli eða nokkurs konar námskeið. Ein af ástæðum þess að þetta er gert með þessum hætti er að auðveldara er að kafa dýpra ofan í samvinnu og samhæfingarmál viðbragðsaðila. Það má með sanni segja að það sé þungamiðja velheppnaðra aðgerða ef tekst að samhæfa störf fjölda ólíkra viðbragðseininga.

Eftirfarandi er atburðarlýsing og teikning af vettvang var afhent þátttakendum fyrir æfinguna: Klukkan 13:00 hlekkist Twin Otter flugvél, með kallmerkið TF-TNX, á við lendingu á braut 02 (suður endi) á Þórshafnarflugvelli, með þeim afleiðingum að hún skellur til jarðar, á og við norður enda flugbrautarinnar. Flugvélin laskast mikið og brotnar í nokkra hluta. Eldsneyti dreifist um svæðið og miklir eldar kvikna.

Í flugvélinni er tveggja manna áhöfn (flugmaður og flugstjóri) auk 13 farþega, samtals 15 manns. Ástand farþega er sem hér segir: 3 = látnir, 9 = slasaðir og 3 = óslasaðir.

Í flugstöðinni bíða nokkrir aðstandendur eftir komu farþega sem eru í vélinni.

Veður í æfingunni verður raunveður (það veður sem er þá stundina).



Þórshöfn 2003, skipulag vettvangs og starfssvæða.

Æfingin hófst svo með þeim hætti að þegar flugvallarvörður á vakt í flugturni varð eldsins var, hringdi hann í Neyðarlínuna og óskaði eftir boðun vegna flugslys á Þórshafnarflugvelli. Sumir viðbragðsaðilar voru heimavið eða fjarri sínum starfsaðstöðum og mættu líkt og um raunverulegt tilfelli væri að ræða. Aðrir viðbragðsaðilar voru í sínum starfsaðstöðum þegar

að kallið kom, en biðu áætlaðan viðbragðstíma áður en haldið var á vettvang. Með þeim hætti ætti innkoma viðbragðsaðila að hafa verið með sem raunhæfustum hætti.

Frá upphafi var afráðið að þáttur almannavarnanefndar / aðgerðastjórnar yrði ekki mikill, þar sem áherslan skyldi vera á aðgerðir á vettvangi. Almannavarnanefnd Þingeyinga á Húsavík notaði þó tækifærið, kom saman og var í sambandi við vettvangsstjóra og aðrar starfseiningar á vettvangi.

Þá var sú ákvörðun tekin að ekki kæmu utanaðkomandi bjargir / liðstyrkur að æfingunni, önnur en sú að hermt væri eftir sjúkraflugi með bílum og var komutími loftfaranna skilgreindur frá því að beðið var um þau og lagður við útkalls og flugtími.

Æfingunni var slitið þegar að allir höfuð verið fluttir af vettvangi og störf í fjöldahjálparstöð og söfnunarsvæði aðstandenda var lokið.

Það er óhætt að segja að á heildina litið hafi æfingin gengið mjög vel og ánægjulegt að sjá góða og áhugasama þátttöku frá hinum ýmsu viðbragðseiningum. Að öðru leiti er vísað í kafla 4 og 5 um niðurstöður æfingarinnar.

KAFLI 4

Helstu niðurstöður og tillögur til úrbóta.

Hér að aftan eru skýrslur frá helstu starfshópum sem unnu að undirbúningi og framkvæmd æfingarinnar. Skýrslurnar eru unnar af fulltrúum flugslysahópsins (sunnanmenn og Akureyringar), sem á æfingunni höfðu það hlutverk að fylgjast með framgangi æfingarinnar. Í viðauka (kafla 7) er að finna skýrslur sem bárust frá heimamönnum og fundargerð rýnifundar sem haldinn var í kjölfar æfingarinnar.

Þá má geta þess að Rauði kross Íslands hefur tekið saman ýtarlega skýrslu um störf þau sem Rauði krossinn og félagsmenn hans unnu í æfingunni. Þá skýrslu má nálgast á heimasíður Rauða krossins: www.redcross.is

Rétt er að menn hafi það í huga að þegar dregin er lærdómur af æfingum skiptir mjög miklu máli að menn geri sér grein fyrir því á hverju lærdómurinn (góður eða slæmur) byggist. Er það vegna æfingarlegs atriðis, sem ekki myndi gerast í raunveruleikanum dæmi: sjúklingur sýndi ekki rétt einkenni við tilteknum áverka; eða eru þau framkvæmdarlegum / raunverulegum toga, sem allt eins gæti gerst í raunveruleikanum, dæmi: fjarskipti frá vettvangsstjóra til söfnunarsvæðis slasaðra voru ófullnægjandi. Það er ekki síður mikilvægt að gera sér grein fyrir þessum atriðum þegar menn hyggjast nýta lærdóminn til frekari vinnslu, svo sem við gerð eða endurskoðun flugslysaáætlunar eða verkskipulags einstakra starfseininga.

Helstu tillögur til úrbóta:

Hópur	Tillögur til úrbóta
Skipulag vettvangs	Engar tillögur
Sjálfboðaliðar	Sumir sjúklinganna hefðu mátt fá teppi mun fyrir og einnig fannst leikurum það mjög óþægilegt að vera skildir eftir einir í langan tíma.
Keyrslustjórn	Engar tillögur
Aðgerðarstjórn/ Vettvangsstjórn	Þáttur keyrslustjórnar: Betur þarf að hyggja að dagskrá vinnuhópa því fulltrúar heimamanna voru boðaðir á fundi á fleiri en einn stað í einu.
Aðgerðarstjórn/ Vettvangsstjórn	Hafist verði handa við að vinna að áætlun fyrir Þórshöfn sem tekur á viðbrögðum við flugslysi en jafnframt gæti nýst í öðrum stærri slysum.
Aðgerðarstjórn/ Vettvangsstjórn	Fulltrúar allra viðbragðaaðila á Þórshöfn setjist niður og ræði samstarfsmál sín af hreinskilni, hreinsi loftið og stefni saman að því að stefna jákvætt til framtíðar.
Aðgerðarstjórn/ Vettvangsstjórn	Viðbragðsaðilar á Þórshöfn æfi með reglubundnum hætti saman einstaka þætti viðbragða við hópslysi.
Aðgerðarstjórn/ Vettvangsstjórn	Viðbragðsaðilar á Þórshöfn æfi saman alla þætti viðbragða við hópslysi annað hvert ár.
Aðgerðarstjórn/ Vettvangsstjórn	Þeir sem sinna vettvangsstjórnun fá tækifæri til að sækja námskeið í vettvangsstjórnun.
Aðgerðarstjórn/ Vettvangsstjórn	Aðrir stjórnendur fá tækifæri til að auka við þekkingu sína á vettvangsstjórnun og sækja námskeið og fræðsluerindi um slíkt.
Aðgerðarstjórn/ Vettvangsstjórn	Viðbragðsaðilar fá tækifæri á að æfa notkun fjarskiptatækja.
Slökkvilið	Björgunarstjóri á of miklu flakki, mátti líka vera örlítið ákveðnari í sínum aðgerðum. Talstöð var að trufla hans einbeitingu held ég. Til úrbóta: Vera í góðu sambandi við sína undirmenn þannig að þeir viti

	alltaf hvað ég sem stjórnandi ætlast til af þeim.
Slökkvilið	Fjarskipti: Æfa og yfirfara tæki og tól oft, sérstaklega þau sem eru komin til ára sinna. Talstöðvar, kynna sér þær betur og getu þeirra. Fjarskiptaæfingar, þurfa ekki að vera flóknar.
Slökkvilið	Æfingin sett á of stutt frá reglubundnu flugi á staðinn, gerði það að verkum að stuttur tími var til að setja sjálfan vettvanginn upp. Til úrbóta: Að hafa æfinguna hálf tíma síðar hefði passað fint. Málið var þó leyst vanir að vinna undir pressu og kannski best þannig?
Slökkvilið	Flutningastjóri á flakki.
Heilbrigðisþjónusta Hlutverk sunnanmanna.	Ekki var gerð krafa um, að þeir sem komu með hjálp utanað tækju þátt í undirbúningi æfingarinnar. Þarf að gera að reglu í framtíðinni.
Heilbrigðisþjónusta Hlutverk sunnanmanna	Ekki má leyfa hættulegan ofleik eins og ofsaakstur eins af leikurunum, sem átti sér stað á þessari æfingu.
Heilbrigðisþjónusta Hlutverk sunnanmanna	Birgðir af greiningarspjöldum eru á þrotum á flestum stöðum á landinu. Rætt hefur verið um að taka upp nýja tegund spjalda. Ástandið hefur þegar verið tilkynnt landlækni.
Heilbrigðisþjónusta: Hlutverk heimamanna	Meiri þjálfun í daglegum atriðum neyðarþjónustu.
Heilbrigðisþjónusta: Atriði við framkvæmd æfingarinnar	Stjórnun innan sjúkrahjálpar: Þarf að gefa fyrirmæli á ákveðnari hátt. Mælt með þjálfun í vettvangsstjórn fyrir lykilaðila sjúkrahjálpar.
Heilbrigðisþjónusta: Atriði við framkvæmd æfingarinnar	Heildarstjórn: Sjúkraflug er heppilegast að útvega strax í upphafi með hjálp Neyðarlínunnar fremur en með milligöngu aðgerðastjórnar á Húsavík
Heilbrigðisþjónusta: Atriði við framkvæmd æfingarinnar	Samstarf og samvinna starfseininga: Vantaði fjarskiptasamband milli starfseininga sjúkraþjónustu og frá þeim til helstu stjórnenda á vettvangi. Þarf að kaupa 3 VHF-talstöðvar fyrir sjúkraflutninga staðarins.
Heilbrigðisþjónusta: Atriði við framkvæmd æfingarinnar	Vantaði að miðla upplýsingum um ákvarðanir, væntanlega utanaðkomandi aðstoð o.s.frv.
Heilbrigðisþjónusta: Atriði við framkvæmd æfingarinnar	Innra starf sjúkrahjálpar: Hver maður þarf að þekkja sitt hlutverk. Ákvarðanir um forgangs röðun þurfa að leika í höndum fagstjórnenda. Lagast með þjálfun og æfingu.
Lögregla	Engar tillögur
Björgunarsveitir	Æfa oft saman.
Fjöldahjálp Þáttur sunnanmanna	Mögulegt hefði verið að veita heimamönnum meiri aðstoð við undirbúning og þá sérstaklega á fyrstu stigum undirbúnings til að tryggja skilning manna á verkefninu. Úrlausn >Að fara betur yfir verkefnið með undirbúningsaðilum á fyrstu stigum til að hægt sé að afla sjálfboðaliða og undirbúa verkþætti betur. Úrlausn >Útbúa handbók fyrir deildarfólk um undirbúning fyrir æfingar.
Fjöldahjálp Þáttur sunnanmanna	Það olli nokkrum ruglingi að deildarfólk tók að sér að afla leikara þegar skipa átti fólk í verkefni fjöldahjálparinnar. Úrlausn >Forðast að sömu aðilar taki að sér að skipuleggja verkefni fjöldahjálpar og útvegum leikara.
Fjöldahjálp Þáttur heimamanna	Skortur á þjálfuðu fjöldahjálparfólki á staðnum. Úrlausn >Að fjölga þjálfuðum fjöldahjálparstjórum deildarinnar á staðnum.
Fjöldahjálp Þáttur heimamanna	Þurft hefði að virkja fleiri sjálfboðaliða til starfa strax í upphafi undirbúningstímans. Úrlausn >Að hefja virkan undirbúning fyrr.
Fjöldahjálp	Örlítið óryggi í verkefnum fjöldahjálpar og undirbúningi

Þáttur heimamanna	æfingar. Úrlausn > Virkari samskipti við undirbúningsaðila landsskrifstofu varðandi æfinguna.
Fjöldahjálp Þáttur heimamanna	Að virkja fleiri af því þjálfaða neyðarvarnafólki sem er á staðnum. Úrlausn>Að gera neyðarvarnafólki betur grein fyrir mikilvægi æfinga og þess að taka þátt í æfingu sem þessari.
Fjöldahjálp	Aðeins vantaði á öryggi í byrjun varðandi stjórnun aðgerða, en það lagaðist um leið og aðgerðir fóru í fullan gang. Úrlausn> Að auka þekkingu neyðarvarnafólks á svæðinu og fjölga fjöldahjálparstjórum deildarinnar.
Fjöldahjálp	Á söfnunarsvæði aðstandenda var það sama manneskjan sem sá um skráninguna og að svara í símann. Þetta var óhentugt því það var truflandi og gátu „aðstandendur” séð hvaða upplýsingar viðkomandi skrifaði um fórnarlömb. Úrlausn> Að gera ráð fyrir sérstakri stjórnstöð á söfnunarsvæði aðstandenda sem hægt er að loka frá aðstandendum.
Fjöldahjálp	Samskipti og samstarf gekk almennt vel en það hefði auðveldað vinnu neyðarnefndar og gefið þeim betri innsýn í aðgerðina ef hún hefði verið í talstöðvarsambandi. Úrlausn> Að tryggja talstöðvarsamband fjöldahjálpar við aðra samstarfsaðila.
Fjöldahjálp	Ekki var klárt verklag á því hvernig fjöldahjálpin átti að fá aðstoð frá heilbrigðisþjónustunni. Úrlausn> Að tryggja klárt verklag varðandi aðstoð inn í fjöldahjálp og hafa símanúmer og tengilið heilbrigðisstofnunar inni í neyðarvarnaáætlun.
Fjöldahjálp	Eitthvað vantaði á samskipti og upplýsingagjöf til aðstandenda og biðfarþega í flugstöð. Úrlausn> Að tryggja upplýsingaflæði til fólks sem er í flugstöð og gefa upplýsingar um söfnunarsvæði aðstandenda sem og upplýsingasíma RKÍ.
Fjöldahjálp	Auka þarf þekkingu á fyrsta stigs áfallahjálp/sálrænni skyndihjálp hjá sjálfboðaliðum Rauða krossins. Úrlausn> Að halda sérhæft námskeið í sálrænni skyndihjálp fyrir fjöldahjálparstjóra og stuðningslið í neyðarvörnum.
Fjöldahjálp	Neyðarnefnd gaf upplýsingar til aðstandenda um afdrif farþega og svaraði forvitnum íbúum, sem reyndist vera of mikið álag. Úrlausn> Að gera ráð fyrir sérstakri símsvörunarmiðstöð til aðstandenda innan héraðs eða á landsskrifstofu Rauða kross Íslands í Reykjavík.
Fjöldahjálp	Talstöðvar Rauða kross deildar náðu ekki sambandi og virkuðu því ekki í íþróttahúsinu þar sem neyðarnefnd var að störfum. Úrlausn>Ef gera á ráð fyrir íþróttahúsinu sem mögulegri starfsstöð, þarf að setja upp loftnet til að tryggja talstöðvarfjarskipti í húsinu.
Flugvallarstarfsmenn	Slökkvibíllinn stendur úti allan ársins hring og er því farið að sjá verulega á bílnum og tækjabúnaði hans, búnaður bílsins er þó prófaður reglulega og er það gott. <u>Tillögur til úrbóta.</u> Þar sem á bílnum er viðkvæmur búnaður sem hefur átt það til að bila á sambærilegum bílum sem eru víða um landið væri ekki verra að byggt yrði hús fyrir bíllinn þannig að hann gæti staðið inni.
Flugvallarstarfsmenn	Eitthvað virtist það tefja starfsmanninn að þurfa að fara í slökkvigalla, þó svo að hann hafi tafist um ca 30 sek er það alveg þess virði að gefa sér tíma í það að galla sig rétt og vera þannig í réttum hlífðarbúnaði við slökkvistörfin. <u>Tillögur til úrbóta.</u> Á þeim flugvöllum þar sem til eru slökkvigallar höfum við verið að mæla með því að starfsmenn séu

	í neðri hluta slökkvigallans við landingar og flugtök. Þannig er hægt að stytta tíman verulega sem fer í það að galla sig.
Rannsókn / skráning Atriði við undirbúning æfingarinnar:	Þáttur sunnanmanna. Skráning skjólstaðinga í hópslysi er stór þáttur í úrvinnslu og samræming milli viðbragðsaðila lykilatriði til þess að hún gangi upp. Núverandi kerfi er hægt að bæta með því að taka í gagnið ný frumgreiningarspjöld sem hafa verið útbúin og með réttri kynningu á notkun þeirra væri hægt að bæta skráningarferlið. Einfalda þarf skráningarblað og jafnvel að prenta leiðbeiningar aftan á eyðublaðið. Heildarsamræming þarf að eiga sér stað milli Landlæknisembættis og Ríkislögreglustjóra og er það að verða mjög brýnt verkefni.
Rannsókn / skráning Atriði við undirbúning æfingarinnar:	Þáttur heimamanna. Smá hnökrar í útskráningu af söfnunarsvæði: Dálkur fyrir tímasetning á sendingu skráningarblaðs mætti vera til staðar. Þetta eru minniháttar atriði sem er afleiðing af kerfi sem er ekki fullmótað.
Fjarskipti	Æfa meira notkun fjarskipta
Fjölmiðlar	Engar tillögur

Kaflí 5

Skýrslur hópa / hópstjóra

Skipulag vettvangs

Sjálfboðaliðar

Keyrslustjórn

Aðgerðarstjórn / Vettvangsstjórn/Lögregla

Slökkvilið

Heilbrigðisþjónusta

Björgunarsveitir

Fjöldahjálp

Flugvallarstarfsmenn

Rannsókn og skráning

Fjarskipti

Fjölmiðlar

Skipulag vettvangs

Flugslysæfingin Þórshöfn 2003

Hópur: Skipulag vettvangs	Hópstjóri: Jóhann Þór Jónsson
----------------------------------	--------------------------------------

Undirbúningur vettvangs:

Í undirbúningi vettvangs tóku þátt auk undirritaðs

Jón Friðrik Jóhannsson

Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins

Rolf Tryggvasson

Slökkviliði Akureyrar

Einnig komu að undirbúningnum heimamenn og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Við undirbúning vettvangsins var reynt að líkja sem mest eftir flugvélabraki. Notaðir voru 4 fólksbílar, tveir bílar mynduðu flugvélabúk og var annar bíllin látin vera ofaná hinum og voru tveir sjúklingar inní bílnum sem var ofaná, þetta gerði klippuvinnu slökkviliðs meira krefjandi, en tveir sjúklingar voru einnig inní bílnum sem undir var. Hinir tveir bílarnir voru hugsaðir sem stéhluti og flugstjórnarklefi. Eldur var í flugstjórnarklefa og stéhlutanum. Staðsetning slystaðsins var á og við suðurenda brautarinnar og náði frá jaðri brautarinnar og út á öryggissvæði (sjá yfirlitsmynd af vettvangi). Vettvangurinn var settur þannig upp að flugvallarslökkvilið ætti að geta heft útbreiðslu eldsins og haldið honum í skefjum þangað til bæjarlökkvilið kom á staðin og gekk það eftir. Ég tel að nokkuð vel hafi tekist til með uppsetningu á vettvangi, þetta verkefni hafi verið nokkuð krefjandi án þess þó að vera óyfirstíganlegt.

Sjálfböðaliðar

Flugslýsaæfingin Þórshöfn 2003

Hópur: Sjálfboðaliðar

Hópstjóri: Vigdís Agnarsdóttir

1. Undirrituð stýrði hóp um sjúklinga og aðstandendur.

Undirbúningur fór fram í samstarfi við heimamenn, Þórunn Marín Þorsteinsdóttir aðstoðaði við að safna sjúklingum fyrir hönd Þorshafnardeildar Rauða krossins. Hún hafði einnig samband við fjórar konur á svæðinu sem voru tilbúnar til að koma og sjá um förðun sjúklinganna. Þær heita Sigrún, Hafdís, Maren og Unnur Ósk. Ég hélt námskeið fyrir þær á föstudagskvöldinu í framhaldi af kynningu fyrir leikara, og kenndi þeim undirstöðuatriði varðandi slysaförðun og undirbúning leikara. Þær fengu svo nokkra leikara til að vera tilraunadýr og spreyttu sig á verkefnum mánudagsins. Þetta gekk mjög vel og allir voru spenntir fyrir æfingunni. Á leikarakynningunni voru væntanlegir leikarar settir inn í hvernig æfingar af þessu tagi fara fram og við hverju þeir megi búast. Einnig voru þeir beðnir að koma vel klæddir en samt í fötum sem mætti klippa og rífa og hella blóði í.

2. Á æfingunni var undirrituð stöð á slysavettvangi þar sem ég fylgdist með frumgreiningu og meðferð leikaranna (sjúklinganna) Einnig þurfti að koma sjúklingunum fyrir á sínum stöðum og það var gert í samráði við þá vettvangsmenn Jón Friðrik, Jóhann og Rolf. Undirrituð fylgdi svo síðasta sjúkling af vettvangi inn á SSS.

3. Helstu tímasetningar voru eftirfarandi.

Kl. 10.00 Undirbúningur leikara og förðun hefst.

Kl. 11.30 Allir leikarar tilbúnir og farþegalisti útbúinn.

Kl. 12.00 Farþegalista komið til Árna Birgissonar.

Kl. 12.10 Leikarar fengu að borða á vegum heimamanna.

Kl. 12.40 Leikurum ekið á vettvang og þeim fyrstu komið fyrir.

Kl. 13.00 Æfing hefst og síðustu sjúklingum komið fyrir.

4. Förðun sjúklinga hófst um kl. 10.00 og gekk vel að úthluta áverkum og hlutverkum. Áverkalýsingar þar ég áður undir Jón Baldursson hópstjóra sjúkrahjálpi. Hann gerði enga athugasemd þar við. Þarna var góð flóra af áverkum en það voru einna helst brunasjúklingar sem ég hafði áhyggjur af þar sem áverkanna vegna voru þeir minnst klæddir. Síðustu sjúklingar voru komnir út á flugbraut um kl. 13.00 Fjórir voru settir inn í bílflak þar sem þurfti að klippa tvo þeirra lausa. Öðrum var dreift um svæðið. Undirrituð fylgdist með frumgreiningu og meðferð leikara á vettvangi þar til síðasti sjúklingur var fluttur á SSS, þá fylgdi ég honum þangað.

6. Meðferð slasaðra var góð og menn unnu sitt verk nokkuð vel. Leikarar kvörtuðu ekki yfir slæmri meðferð nema að litlu leiti og sögðu aðila hafa verið umhyggjusama. Ég er nokkuð ánægð með vinnubrögð allra sem ég sá til.

Samkvæmt niðurstöðu úr könnun sem leikarar svöruðu eftir æfingu kom fram að leikarar voru í meginatriðum ánægðir með æfinguna. Leikarar töluðu um að þeim fannst biðin eftir hjálpinni löng en þar sem ekkert þeirra hafði tekið þátt í slysaæfingu fyrr vissu þau ekki hvernig hlutirnir ganga fyrir sig. Það sem flestum fannst neikvætt við æfinguna var biðin og kuldinn, en það sem flestum fannst jákvætt var að fá teppi og að þau gerðu sér betri grein fyrir því hvernig er unnið við þessar aðstæður.

Sem öryggisatriði voru allir þeir sem léku sjúklinga látnir fylla út upplýsingablað þannig að hægt væri að ná í nánasta aðstandanda ef í raunveruleikanum eitthvað færi úrskeiðis. Allir sjúklingar báru þannig á sér númerað spjald sem gaf til kynna að þeir væru leikarar. (Role Player spjald) Hópstjóri var síðan með upplýsingablöðin þannig að fljótlegt væri að fá upplýsingar um leikara ef á þyrfti að halda.

Varðandi aðstandendur sem leikara þá var að koma fólk í hlutverk fram eftir morgni á æfingadegi. Þetta var fólk á öllum aldri sem tók að sér hin ýmsu hlutverk sem aðstandendur. Þannig tókst þar aðstandendur við farþega vélarinnar. Þar með var hægt að láta reyna á góða flóru af tilfellum sem hægt er að búast við að sjá hjá aðstandendum þeirra sem lenda í slysum.

7. Illa gekk í undirbúningi að fá nógu marga sjúklinga og aðstandendur í leikhlutverk. Það var sama fyrirkomulag og á Vopnafirði að sami aðilinn var að útvega fólk í öll hlutverk, leikara og fólk í fjöldahjálp og skráningu. Þetta er ekki gott þar sem fólk vissi ekki hvaða hlutverki það átti að gegna þegar það mætti á æfinguna.

Fáir mættu á leikarakynninguna á föstudeginum þannig að unnið var í því fram á mánudag að útvega fleiri leikara.

Jóhann Thoroddsen sá alfarið um að koma aðstandendum inn í hlutverk og vann það mjög vel. Ég tel að það gangi engan veginn upp að sami aðili komi sjúklingum og aðstandendum inn í hlutverk. Það er nauðsynlegt að tveir aðilar vinni þetta saman. Það er ekki leggjandi á einn aðila að gera hvorutveggja. Það myndi í það minnsta aldrei skila sama árangri í æfingunni.

Sumir sjúklinganna hefðu mátt fá teppi mun fyrr og einnig fannst leikurum það mjög óþægilegt að vera skildir eftir einir í langan tíma.

Tveir sjúklingar kvörtuðu yfir því að ekki fundust allir áverkar við skoðun.

Hópstjóri.

Vigdís Agnarsdóttir verkefnisstjóri í skyndihjálp.

Rauða krossi Íslands.

**Aðgerðarstjórn /
Vettvangsstjórn /
Lögregla**

Flugslysæfingin Þórshöfn 2003

Hópur: Vettvangsstjórn

Hópstjóri: Víðir Reynisson

1. Í vettvangsstjórnar hópnum voru:

- a) Lögreglumenn frá Þórshöfn og Húsavík, slökkviliðsmenn frá slökkviliði Þórshafnar og Vopnafjarðar, ásamt liðsmönnum björgunarsveitarinnar Hafliða.
- b) Með heimamönnum störfuðu Víðir Reynisson frá almannavarnadeild ríkislögreglustjórans, Ágúst Svansson frá lögreglunni í Reykjavík og Jónína Sigurðardóttir frá Fjarskiptamiðstöð lögreglu.
- c) Við undirbúning æfingarinnar starfaði einnig með hópnum Steinar Steinarsson sem var hópstjóri skráningarmála á æfingunni.

2. Eftirlit með vettvangsstjórn á æfingunni:

- a) Slysstaður: Víðir Reynisson, Ágúst Svansson og Jónína Sigurðardóttir

3. Tímasetningar helstu atburða (miðað við klukkur viðkomandi).

Kl.13:07	Lögreglan tilkynnir í fjarskiptum að flugslys hafi orðið
Kl 13:12	Björgunarstjóri tilkynnir sig til vettvangsstjóra
Kl 13:14	Aðhlyningarstjóri mætir á vettvang
Kl 13:18	Beðið um sjúkraflug
Kl 13:21	Fyrstu sjúklingar fara af slysstað
Kl 14:06	Allir sjúklingar farnir af vettvangi
Kl 15:14	Aðgerðum á vettvangi lokið-gæslustjóri tekur við vettvangi

4. Hvernig þótti vettvangsstjórnun ganga á æfingunni almennt?

5. Það sem **vel tókst til** við vettvangsstjórn.

- a) Atriði við undirbúning æfingarinnar:
 - Þáttur sunnanmanna.

Undirbúningur gekk ágætlega, haldið var undirbúningsnámskeið nokkrum helgum fyrir æfinguna og mættu allmargir fulltrúar viðbragðsaðila á Þórshöfn á það.

- Þáttur heimamanna.

Þeir sem tóku þátt í undirbúningi æfingarinnar lögðu sig alla fram og gengu hlutirnir vel fyrir sig.

- b) Atriði við framkvæmd æfingarinnar:

- Vettvangsstjóri

Var ákveðinn, vann skipulega, gaf skýr fyrirmæli og hafði góða yfirsýn.

- Björgunarstjóri

Var ágætlega skipulagður og reyndi af hafa yfirsýn yfir slysstað.

- Gæslustjóri

Var mjög virkur, tók stundum heldur mikið á og fór að sinna verkefnum sem ekki voru hans.

- Aðhlyningarstjóri (stjórnandi sjúkrahjálpar)

Sáum lítið til hans þar sem hann var staðsettur á söfnunarsvæði og því umsjónarmenn sjúkrahjálpar betur til þess fallnir að segja til um það.

- Úrlausn tæknilegra og faglegra atriða.

Almennt leystu björgunarmenn störf sín á vettvangi af ákveðni og fagmennsku.


6. Það sem **betur mátti fara** og **tillögur til úrbóta**.

↳ Ef hægt er; álykta af hverju viðkomandi atriði fóru ekki vel.

- a) Atriði við undirbúning æfingarinnar:
- Þáttur sunnanmanna.
Betur þarf að hyggja að dagskrá vinnuhópa því fulltrúar heimamanna voru boðaðir á fundi á fleiri en einn stað í einu.
 - Þáttur heimamanna.
Viðbragðsaðilar á Þórshöfn tóku þátt af lífi og sál, einhverjir smávægilegir hnökrar voru á samstarfi aðila við undirbúning en ekki auðvelt fyrir okkur aðkomumenn að átta okkur á því, þetta hafði þó ekki stórvægileg áhrif á framgang æfingarinnar.
- b) Atriði við framkvæmd æfingarinnar:
- Vettvangsstjóri
 - Björgunarstjóri
 - Gæslustjóri
 - Aðhlyningarstjóri (stjórnandi sjúkrahjálpar)
 - Þau atriði sem betur máttu fara á æfingunni tengjast því að menn hafa ekki haft mikil tækifæri til að æfa saman. Viðbragðsaðilar voru að leysa tæknileg verkefni sín með sóma en alltaf er hægt að gera betur varðandi samhæfingu og samvinnu. Ekki má heldur lýta fram hjá þeirri staðreynd að mörg vandamál sem koma upp á æfingum eru leyst á augabragði í raunveruleikanum.

Tillögur okkar til úrbóta eru eftirfarandi:

- Hafist verði handa við að vinna að áætlun fyrir Þórshöfn sem tekur á viðbrögðum við flugslysi en jafnframt gæti nýst í öðrum stærri slysum.
- Fulltrúar allra viðbragðaaðila á Þórshöfn setjist niður og ræði samstarfsmál sín af hreinskilni, hreinsi loftið og stefni saman að því að stefna jákvætt til framtíðar.
- Viðbragðsaðilar á Þórshöfn æfi með reglubundnum hætti saman einstaka þætti viðbragða við hópsslysi.
- Viðbragðsaðilar á Þórshöfn æfi saman alla þætti viðbragða við hópsslysi annað hvert ár.
- Þeir sem sinna vettvangsstjórnun fá tækifæri til að sækja námskeið í vettvangsstjórnun.
- Aðrir stjórnendur fá tækifæri til að auka við þekkingu sína á vettvangsstjórnun og sækji námskeið og fræðsluerindi um slíkt.
- Viðbragðsaðilar fá tækifæri á að æfa notkun fjarskiptatækja.



Almannavarnir Þingeyinga

Flugslysaæfing á Vopnafirði og Þórshöfn 16-19 maí 2003

Guðmundur fór á undirbúning æfingarinnar til Þórshafnar föstudag og laugardag. Á sunnudeginum var æfingin keyrð á Vopnafirði og þar mættu Guðmundur og Pétur til að fylgjast með. Hreiðar í lögreglunni Húsavík var einnig allan tímann.

Á mánudeginum var æfingin svo keyrð á Þórshöfn og þá var almannavarnarnefndin kölluð út í stjórnstöð (lögreglustöð) á Húsavík. Þar sem fyrirvari var á æfingunni er ekki marktækt hvernig nefndarmenn mættu á staðinn. Þeir sem mættu voru Guðmundur Salómonsson, Halldór Kristinsson, Jón Ásberg Salómonsson, Pétur Bjarni Gíslason, Jón Grímsson fyrir Skúla Þór Jónsson, Ásgeir Böðvarsson. Sigurður Brynjúlfsson og Aðalsteinn Júlíusson í lögreglunni á Húsavík og Guðrún Kr. Magnúsdóttir lækningaritari tóku einnig þátt í æfingunni.

Æfingin verður ekki rakin hér nema í stórum dráttum.

Boðað var að flugvél hefði brotlent við Þórshafnarflugvöll og brotnað í þrjá hluta og kviknað í einhverjum. Talið var að 12 manns hefðu verið í vélinni en í upphafi var ekki ljóst hvort flugmenn væru inn í þeirri tölu.

Verk nefndarinnar fólst í því að þjónusta vettvanginn, vera aðgerðarstjórn, td með því að útvega farþegalista, farmskrá, bjargir sem ekki voru til á staðnum og auka mannskap. Ásgeir sá um heilbrigðisþáttinn. Guðmundur var tengiliður við vettvangsstjóra. Pétur var tengiliður fjöldahjálpar. Lögreglan sá um að logga allt sem gert var. Svo gerðu menn bara það sem gera þurfti á hverjum tíma.

Okkur fannst starf nefndarinnar oft takmarkast vegna lélegra fjarskipta en það eina sem við gátum notað var síminn. Endurvarpi lögreglunnar fyrir VHF talstöðvakerfið var bilaður og Tetra næst ekki þarna á milli. Yfirstjórn æfingarinnar fannst aðgerðarstjórnin koma mjög sterkt inn í æfinguna og sagði að hún hafi skilað starfi sínu vel.

Eftir æfinguna settust menn aðeins niður og ræddu stjórnstöðvarmál. Það var eining um það hvernig hún ætti að vera búinn. Þar eiga að vera vinnuborð fyrir aðgerðarstjórnina, öll fjarskipti (nógu margir símar, VHF talstöð, TETRA talstöð, fax og tölvupóstur), allavega 2 tölvur, prentari og góð landakort (hægt

að hafa landakortin í tölvunni og hafa skjávarpa). Þessi aðstaða þarf alltaf að vera klár og tilbúin til tafarlausrar notkunar. Þá er átt við bæði fyrir aðgerðarstjórn Almannavarna og fyrir björgunarsveitirnar þegar þær þurfa á því að halda (ekki að byggja upp tvær stjórnstöðvar).

Nokkur umræða var um staðsetninguna og voru þá helst 2 staðir í umræðunni, lögreglustöðin og björgunarsveitaraðstaða Garðars.

Á lögreglustöðinni hefjast yfirleitt allar aðgerðir svo best væri að hafa aðstöðuna þar því þá þyrfti ekki að flytja aðgerðarstjórnina þegar hún stækkaði. Til að svo geti orðið þarf að byggja upp aðstöðuna fyrir stjórnstöðina og fjárfesta í öllum búnaði. Í dag er vandséð hvar þessi stjórnstöð geti verið á lögreglustöðinni þannig að hún sé alltaf til reiðu.

Í björgunarstöðinni er ágætis aðstaða, flest fjarskiptatæki eru til en þó þarf að bæta fjarskipti milli björgunarstöðvar og lögreglustöðvar (og það þyrfti að gera hvort sem stjórnstöðin er þar eða ekki). Þar eru tölvur, prentari og landakort. Sennilega er hægt að semja við Rauða Krossinn um aðstöðu fyrir lögreglu ef hún þarf að sinna sérmálum. Ókostirnir eru að það þarf að flytja aðgerðarstjórnina þegar hún stækkar og þetta er í húsi björgunarsveitarinnar Garðars og í aðgerðum eru félagar sveitarinnar að gera sig klára í útkallið.

Það kom fram að björgunarsveitirnar vildu funda um þessi mál með sýslumanni.

Það er vilji þeirra sem þarna voru að svona stjórnstöð verði til sem fyrst.

Fleira ekki bókað.

Pétur Bjarni Gíslason

Slökkvilið

Flugslýsaæfingin Þórshöfn 2003

Hópur: Slökkvilið

Hópstjóri: Jón Friðrik Jóhannsson

Skýrsla frá Jóni Friðrik Jóhannssyni Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins.

Undirritaður var skipaður í fjóra vinnuhópa: Skipulag vettvangs, vettvangsstjórn, slökkvilið og fjarskipti þar af var ég hópstjóri í slökkviliðshópnum.

Ég var aðallega staddur á vettvangi á meðan æfingin stóð yfir og mitt helsta hlutverk var að fylgjast með slökkviþættinum bæði hjá flugvallarvörðum og eins bæjarliðinu, einnig náði ég að fylgjast með á söfnunarsvæði slasaðra og vettvangsstjórnun.

Æfingin á Þórshöfn:

Undirbúningur æfingarinnar á Þórshöfn var einnig til fyrirmyndar hvað varðar slökkviliðina þar sem Björn slökkviliðsstjóri og Siggeir frá Landsbjörg báru hitan og þungan af henni. Ekki tel ég ráðlegt að ræða einhver innan sveitar samskiptaörðuleika sem skotið hafa upp kollinum á staðnum. Mér skildist að eitthvað hefði lítið komist til skila frá Henry sem var björgunarstjóri á þessari æfingu til hans manna í slökkviliðinu, sem þýddi að hans menn voru kannski ekki eins vel móttiveraðir fyrir þessa æfing og þeir á Vopnafyrði. Það vandamál var leist á staðnum og fór vel. Sama fyrirkomulag var haft á undirbúningi við heimamenn og á Vopnafyrði. Þar fengum við reyndar ekki björgunarstjórnann á okkar undirbúningsfund fyrr en í restina þar sem hann sat fund með vettvangsstjórahópnum.

Æfingin sjálf gekk ágætlega að mörgu leiti en ýmislegt mætti fara betur það sem ég sá. Slökkvistarf hjá flugvallarverði í upphafi var til fyrirmyndar, hann lagði ekki endilega ofuráherslu á að slökkva elda sem loguðu heldur tryggði undankomuleiðir fyrir þá sem voru enn á lífi. Er vettvangsstjóri og björgunarstjóri komu á vettvang settu þeir sig í samband við flugvallarvörð og fengu upplýsingar. Einhver talstöðvar vandræði voru hjá björgunarstjóra, það truflaði að einhverju leiti hans vinnu. Það sama var upp á teningnum hvað varðar slökkvistarf hjá Þórshafnarmönnum og Vopnfirðingum, þau gengu mjög vel svæði voru tryggð og eldar slökktir þeir féllu þó einnig í þá gryfju að einblína um of á að slökkva í flakhluta sem í raun og veru engin hætta var af. Hjálparliðum var ekki hleypt inná svæðið fyrr en björgunarstjóri taldi svæðið tryggt. Mikil og erfið vinna beið þeirra við að klippa fólk út úr flaki, en segja verður að sú vinna gekk vel og áfallalaust fyrir sig. Það má þó segja að einni manneskju í flakinu hefði verið hægt að bjarga út fyrr þar sem hún var lítt slösuð og var í raun göngufær. Björgunarstjóri hefði mátt ver meira á sama staðnum þar sem hann hafði sem besta yfirsýn og sérstaklega þar sem talstöðin var að stríða honum, þá er alltaf gott að vita af þeim sem stjórna á einum og sama staðnum. Einnig sá ég að þetta átti við um stjórnanda flutninga hann ekki alltaf þar sem hann átti að vera og var það kannski til þess að einn sjúkrahóll keyrði inn fyrir innri lokun og skapaði stór hættu á svæðinu. Því var kippt í liðin af snaggaralegum lögreglumanni sem hljóp bílinn uppi og skipaði þeim útfyrir. Allt þetta varð kannski til þess að mér fannst flutningar hefðu getað gengið betur í upphafi, en samkvæmt þeim sem með því fylgdust sérstaklega gekk það vel.

Í stuttu máli það sem vel gekk:

Slökkvi og björgunarstörf gengu vel í heildina.
Vettvangsstjóri mjög röggasamur og hafði góða yfirsýn.

Í stuttu máli það sem betur mátti fara:

Björgunarstjóri á of miklu flakki, mátti líka vera örlítið ákveðnari í sínum aðgerðum. Talstöð var að trufla hans einbeitingu held ég.
Fjarskipti.
Flutningastjóri á flakki.
Æfingin sett á of stutt frá reglubundnu flugi á staðinn, gerði það að verkum að stuttur tími var til að setja sjálfan vettvanginn upp.

Til úrbóta: Vera í góðu sambandi við sína undirmenn þannig að þeir viti alltaf hvað ég sem stjórnandi ætlast til af þeim.
Æfa og yfirfara tæki og tól oft, sérstaklega þau sem eru komin til ára sinna.
Talstöðvar, kynna sér þær betur og getu þeirra.
Fjarskiptaæfingar, þurfa ekki að vera flóknar.
Að hafa æfinguna hálf tíma síðar hefði passað fínt. Málið var þó leyst vanir að vinna undir pressu og kannski best þannig?

Til athugunar: Ekki lagði ég mikið uppúr tímatökum þar sem æfingin átti að fara fram á gönguhraða eða rúmlega það, og æfingin hélt fínu tempói.

Jón Friðrik Jóhannsson
Sviðsstjóri slökkvisviðs SHS.

Heilbrigðisþjónusta

Flugslysæfingin Þórshöfn 2003

Hópur: Heilbrigðisþjónusta

Hópstjóri: Jón Baldursson

1. Í sjúkrahjálparhópi voru:

- d) Starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga ásamt liðsmönnum björgunarsveitarinnar á Þórshöfn.
- e) Með heimamönnum störfuðu Guðbjörg Pálsdóttir deildarstjóri, Bára Benediktsdóttir hjúkrunarfræðingur og undirritaður, öll á vegum Slys- og bráðadeildar LSH.
- f) Við undirbúning æfingarinnar störfuðu einnig með hópnum hjúkrunarfræðingarnir Margrét Blöndal, sem leiðbeinandi í áfallahjálp á vegum landlæknisembættisins og Anna Sigríður Vernharðsdóttir, sem var fulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

2. Eftirlit með sjúkrahjálpar á æfingunni:

- b) Slysstaður: Bára Benediktsdóttir
- c) Söfnunarsvæði slasaðra: Guðbjörg Pálsdóttir
- d) Heilbrigðisstofnun: Guðbjörg Pálsdóttir (í byrjun útkalls)

3. Tímasetningar helstu atburða (miðað við klukkur viðkomandi).

- Kl.
- 1300 Æfing hafin
 - 1304 Útkall sjúkraflutninga
 - 1304 Útkall vaktlæknis
 - 1305 Útkall heilbrigðisstofnunar (stóð til 1308)
 - 1305 Beðið um utanaðkomandi aðstoð, þ.á.m. sjúkraflug
 - 1307 Fyrsti sjúkrabíll leggur af stað frá stöð
 - 1308 Fyrstu aðilar á vettvang
 - 1310 Fyrsti sjúkrabíll á vettvang
 - 1310 Fyrsti sjúkrabíll á slysstað
 - 1310 Frumgreining hefst
 - 1314 Stjórnandi sjúkrahjálpar tekur til starfa
 - 1311 Uppsetning SSS hafin
 - 1320 Fyrstu sjúklingar koma á SSS
 - 1328 Flutningur hefst af slysstað
 - 1333 Læknir, hjúkrunarfræðingur og sjúkrabíll frá Raufarhöfn
 - 1335 Fyrsti rauði sjúklingurinn kemur á SSS
 - 1405 Fyrsta sjúkraflugvél komin til Þórshafnar
 - 1445 Fyrstu sjúklingar fluttir af SSS í aðra landshluta

4. Hvernig þótti verkþáttur sjúkrahjálpar ganga á æfingunni almennt?

Viðunandi.

5. Það sem **vel tókst til** við sjúkrahjálpar.

- c) Atriði við undirbúning æfingarinnar:
 - Meiri og skipulegri undirbúningur sunnanmanna en áður
 - Mikill áhugi heimamanna, ekki síst björgunarsveitarinnar
- d) Atriði við framkvæmd æfingarinnar:
 - Hlutverk starfsaðila vel skilgreint fyrirfram
 - Úrlausn tæknilegra og faglegra atriða yfirleitt góð, frumgreining vel af hendi leyst.

6. Það sem **betur mátti fara** og **tillögur til úrbóta**.

- c) Atriði við undirbúning æfingarinnar:
 - Hlutverk sunnanmanna: Ekki var gerð krafa um, að þeir sem komu með hjálpar utanað tækju þátt í undirbúningi æfingarinnar. Þarf að gera að reglu í framtíðinni.
 - Ekki má leyfa hættulegan ofleik eins og ofsakstur eins af leikurunum, sem átti sér stað á þessari æfingu.

- Birgðir af greiningarspjöldum eru á þrotum á flestum stöðum á landinu. Rætt hefur verið um að taka upp nýja tegund spjalda. Ástandið hefur þegar verið tilkynnt landlækni.
 - Hlutverk heimamanna: Meiri þjálfun í daglegum atriðum neyðarþjónustu.
- d) Atriði við framkvæmd æfingarinnar:
- Stjórnun innan sjúkrahjálpar: Þarf að gefa fyrirmæli á ákveðnari hátt. Mælt með þjálfun í vettvangsstjórn fyrir lykilaðila sjúkrahjálpar.
 - Heildarstjórn: Sjúkraflug er heppilegast að útvega strax í upphafi með hjálp Neyðarlínunnar fremur en með milligöngu aðgerðastjórnar á Húsavík
 - Samstarf og samvinna starfseininga: Vantaði fjarskiptasamband milli starfseininga sjúkrahjónustu og frá þeim til helstu stjórnenda á vettvangi. Þarf að kaupa 3 VHF-talstöðvar fyrir sjúkraflutninga staðarins.
 - Vantaði að miðla upplýsingum um ákvarðanir, væntanlega utanaðkomandi aðstoð o.s.frv.
 - Innra starf sjúkrahjálpar: Hver maður þarf að þekkja sitt hlutverk. Ákvarðanir um forgangs röðun þurfa að leika í höndum fagstjórnenda. Lagast með þjálfun og æfingu.

Reykjavík, 19. júní 2003

Jón Baldursson

Hópslysaæfing á Vopnafirði og Þórshöfn 18. og 19. maí 2003

Skýrsla heilbrigðisþjónustu um áfallahjálp.

- Ekki var fyrirhugað að æfa þátt áfallahjálpar en þar sem landlæknir vinnur að skipulagi áfallahjálpar á neyðartímum var ákveðið að Margrét Blöndal hjúkrunarfræðingur færi með fyrir hönd áfallahjálparteymis LSH og landlæknis. Markmið með þátttökunni var að kynnst skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Norðausturlandi varðandi áfallahjálp í samvinnu við Rauða krossinn og kirkju.
- MB fylgdist með undirbúningi heilbrigðishópsins og Rauða krossins fyrir æfinguna. Í óformlegum samræðum MB við hjúkrunarfræðinga og lækna á Vopnafirði og Þórshöfn kom fram mikill áhugi á að vinna að skipulagningu áfallahjálpar. Heilbrigðisþjónustan og starfsemi Rauða krossins skiptist þannig að Vopnafjörður tilheyrir Austurlandi en Þórshöfn og Raufarhöfn Norðurlandi. Heilbrigðisstarfsmenn voru almennt sammála um að áfallahjálparþjónustunni væri best komið með samvinnu heilbrigðisþjónustunnar, kirkju og Rauða krossins á svæðinu frá Raufarhöfn, Þórshöfn, Bakkafirði og Vopnafirði. Helstu rök eru þau að samvinna er á milli þessara aðila nú þegar og landfræðilega er oftær færð á milli þessara byggðarlaga en til dæmis milli Vopnafjarðar og Héraðs.

Margrét Blöndal.

Björgunarsveitir

Flugslýsaæfingin Þórshöfn 2003

Hópur: Björgunarsveitir

Hópstjóri: Atli Már Markússon

Undirbúningur

Tveim mánuðum fyrir æfinguna var haft samband við björgunarsveitir bæði á Þórshöfn og Vopnafirði og hugur þeirra til æfingarinnar kannaður en vegna landfræðilegra ástæðna var ákveðið að aðeins björgunarsveitirnar úr heimabyggð tæku þátt í æfingunni en ekki sveitir úr nærliggjandi byggðarlögum og var því aðeins ein sveit á hvorri æfingu fyrir sig. Voru menn spenntir fyrir æfingu sem þessari en því er ekki að neita að beygur var í heimamönnum á báðum stöðum vegna stærðar æfinganna. Því ber að fagna að við undirbúning vinnuhópa björgunarsveita að þeir voru að mestu settir á að kvöldlagi eða þegar flestir eru almennt ekki í vinnu, er það vel og ýtir undir mætingu.

Þórshöfn

Björgunarsveitin Hafliði

Var undirbúningi í raun eins háttað og var vel mætt á þá fyrirlestra sem í boði voru og þá einkum á fyrirlestur sem heilbrigðisstarfsmenn á LHS voru með í samvinnu við Verkefnisstjóra SL í fyrstuhjálpm um ýmisskonar frágang á sjúklingum og umgengni við þá. Ögn erfiðara var að fá fólk til að fylla stöður og til að mynda var enginn úr sveitinni í vettvangsstjórn og tel ég að það hafi haft áhrif á þau verkefni sem sveitin var látin í. Sem fyrr segir var undirbúningi á Þórshöfn háttað á mjög svipaðan hátt og á Vopnafyrði og var hópnum skipt uppí hópa sem áttu að fara beint í björgun á skaðasvæði, flutningsstjóra og einn 3 manna hóp til aðstoðar á söfnunarsvæði slasaðra. Svólítið kaos ástand myndaðist fyrst þegar björgunaraðilar voru að mæta á skaðasvæðið og fór smá tími í að standa og horfa út í loftið í stað þess að dýfa sér strax úti alvöruna og byrja að vinna en þegar sú vinna hófst voru menn snöggir í gang og leystu sín verkefni ágætlega þó að stundum hafi björgunarmönnum verið ofaukið hjá einum sjúkling á meðan næsti sjúklingur hafði engan sér til aðstoðar og má þá segja að það að skipta upp í ákveðna hópa hafi kannski misskilist og menn haldið að það að halda hópinn væri nauðsinlegt en voru hóparnir settir þannig saman að þeir áttu að vera nægilega fjölmennir til að geta sjálfir komið sjúkling á börur og í flutning, en hvað flutninginn varðar þá sýndi það sig að mikilvægt er að björgunarstjóri og flutningsstjóri séu í góðu sambandi og að mínu mati að þeir reyni að vera nálægt hvor öðrum og tala saman (minkar fjarskiptakráðak) sem minkar líkurnar á misskilningi. Og þegar þeir fóru að vera saman eftir smá tíma byrjuðu hlutirnir að ganga vel fyrir sig og sjaldnast var bið eftir flutningi.

Úrlausnatriði

Fyrir báða staði

Eins og með alla aðra er aðeins eitt sem getur gert það að verkum að allir vinni hratt og vel saman og geri hlutina rétt og það eru æfingar og aftur æfingar enda fannst

mönnum mjög áhugavert að taka þátt í svona æfingu margir í fyrsta skiptið og getur undirritaður ekki komist hjá því að velta því fyrir sér hvernig framgangurinn á svona aðgerðum yrði ef allir aðilar myndu gera taka saman höndum og æfa sig saman reglulega. Miðað við hvernig þessar æfingar gengu fyrir sig væri án efa gaman að fylgjast með þessum aðilum ef þeir æfðu saman 1 til 2 á ári þó svo að þær æfingar þyrftu ekki að vera svona stórar. Því hvetur undirritaður alla björgunarsveitamenn, lögreglu, slökkvara, sjúkraflutningamenn, lækna, hjúkkur, bændur og búalið til að skriða uppúr fylgsnum sýnum og fara að tala og vinna saman þá fyrst kemur þetta til að ganga 100% hjá heildinni.

Atli Már Markússon

Fjöldahjálp

Flugslýsaæfingin Þórshöfn 2003

Hópur: Fjöldahjálp

Hópstjóri: Herdís Sigurjónsdóttir

1. Í fjöldahjálparhópi voru:

- a) Sjálfboðaliðar Þórshafnardeildar Rauða kross Íslands. Þau Eyþór Atli Jónsson, Bára Sigfúsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Sólveig Óladóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Hulda Ingimarsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir og Jóhanna Helgadóttir. Sr Sveinbjörn Bjarnason sóknarprestur á Þórshöfn og Sr Arna Ýrr Sigurðardóttir sóknarprestur á Raufarhöfn. Einnig tóku tveir sjálfboðaliðar frá Raufarhafnardeild Rauða kross Íslands þátt í æfingunni það vor þær Þóra Björg Sigurðardóttir formaður deildarinnar og Sigríður Valdimarsdóttir.
- b) Með heimamönnum störfuðu Herdís Sigurjónsdóttir neyðarvarnafulltrúi, Guðný Björnsdóttir svæðisfulltrúi á Norðurlandi, Elma Guðmundsdóttir svæðisfulltrúi á Austurlandi, Jóhann Thoroddsen verkefnisstjóri í sálrænni skyndihjálpi, öll á vegum landsskrifstofu Rauða kross Íslands.
- c) Við undirbúning æfingarinnar störfuðu einnig Hólmfríður Jóhannesdóttir formaður Þórshafnardeildar Rauða kross Íslands og Þórunn Marín Þorsteinsdóttir tengiliður með hópnum.

2. Eftirlit með fjöldahjálpi á æfingunni:

- a) Fjöldahjálparstöð-neýðarnefnd: Herdís, Guðný
- b) Söfnunarsvæði aðstandenda: Jóhann
- c) Flugvöllur (flugstöð í byrjun): Guðný
- d) Skráning - (fjöldahjálparstöð/sjúkrahús): Herdís, Guðný

3. Tímasetningar helstu atburða (miðað við klukkur viðkomandi)

Kl.	Æfing haldin á Þórshöfn 19. maí 2003
13:03	Æfing hafin
13:04	Útkall – SMS barst frá Neyðarlínunni
13:07	Neyðarnefnd tekin til starfa í stjórnstöð í íþróttahúsi
13:08	Fjöldahjálparstöð opnuð í íþróttahúsi
13:09	Rauða kross fólk mætt til aðstoðar í flugstöð
13:10	Söfnunarsvæði aðstandenda opnað í safnaðarheimili
13:14	Neyðarnefnd óskar eftir farþegalista frá aðgerðastjórn
13:35	Sóknarpresturinn á Rauðfarhöfn mætir í fjöldahjálparstöð og fer þaðan á SSA
13:36	Farþegalisti kominn til neyðarnefndar (15 farþegar)
13:46	Neyðarnefnd útvegar túlka vegna erlendra farþega (enska, rússneska og pólska)
13:50	Björgunarsveitarmenn komu með órólegan aðstandenda af flugvelli og voru þeir sendir með hann á SSA
14:02	Hringt af flugvelli og óskað eftir flutningi á óslösuðum af SSÓ í fjöldahjálparstöð
14:14	Fyrsti farþegi í fjöldahjálparstöð (GB-0016/GS-383854)
14:17	Síðasti farþegi í fjöldahjálparstöð (GB-0015/GS-383888)
14:28	Fyrsti farþegi á sjúkrahús (GB-enginn/GS-383855)
15:13	Síðasti farþegi kominn á sjúkrahús (GB-1007/GS-383858)
15:15	Fax barst neyðarnefnd af greiningarstöð á flugvelli með upplýsingum um 3 látna farþega
15:15	Aðgerðastjórn staðfestir upplýsingar um látna við neyðarnefnd
15:24	Síðasti látni farþeginn kominn í líkhús (GB-1008/GS-383853)
15:26	Sameiningu fjölskyldna og upplýsingagjöf lokið
15:26	Lokalisti yfir skráningu sendur til aðgerðastjórnar á Húsavík

4. Hvernig þótti verkþáttur fjöldahjálpar ganga á æfingunni almennt?

Í heild gekk æfingin vel hvað varðar fjöldahjálpinu og leiddi hún til aukinnar vitundar sjálfboðaliða Rauða krossins á hlutverki þeirra og mannaflapörf í lykilstöður sem og verkefnum og mikilvægi annarra viðbragðsaðila. Þó hefði mátt vera meiri þátttaka frá nágrannadeildum sem yrðu kallaðar til aðstoðar ef til neyðaraðgerða kæmi.

Auk stjórnar neyðarnefndar reyndi mest á sálræna skyndihjálp á söfnunarsvæði aðstandenda því aðeins átti að æfa innskráningu í fjöldahjálparstöð. Áfallahjálpin á SSA tókst mjög vel og það fólk sem sinnti aðhlyningunni gerði það af kostgæfni og kunnáttu. „Aðstandendurnir” léku hlutverk sín af innlifun en þeir höfðu fengið fyrirmæli um að leika mismunandi útfærslur af áfallaviðbrögðum. Aðhlyningarfólkið gekk í sín störf og skipti með sér verkefnum bæði meðvitað og ómeðvitað.

Skráning gekk mjög vel og einnig heildarúrvinnsla skráningar sem og samskipti við samstarfsaðila varðandi upplýsingagjöf til aðstandenda. Þetta var mjög raunveruleg æfing að mati þeirra sem tóku þátt og góð æfing í öllum verkþáttum í fjöldahjálpinu eins og þeim að koma upplýsingum til aðstandenda og sameina fjölskyldur sem var æft til enda.

Skipulag Rauða krossins gerir ráð fyrir að eftir aðgerðir og æfingar sem þessar séu haldnir viðrunarfundir fyrir sjálfboðaliða og starfsfólk. Þeir voru haldnir strax eftir æfinguna og fengu allir tækifæri til þess að fara í gegnum upplifun sína undir handleiðslu reyndra félagsmanna. Það hefur sýnt sig að viðrun er afar góð fyrirbyggjandi aðgerð gagnvart álagi og streitu sem gjarnan myndast við þessar aðstæður.

Starf sjálfboðaliða Rauða kross deildarinnar tókst í alla staði mjög vel og var ánægjulegt að sjá hvað fólk sem ekki var vant að vinna saman í aðgerðum náði góðri samhæfingu á skömmum tíma.

5. Það sem vel tókst til við fjöldahjálpar

a) Atriði við undirbúning æfingarinnar:

Þáttur sunnanmanna

-Að meta stöðu fjöldahjálpar á svæðinu og gera áætlun með heimamönnum um úrbætur fyrir æfingu og að henni lokinni.

-Þjálfun sjálfboðaliða fyrir æfinguna.

? Þáttur heimamanna

-Að virkja sjálfboðaliða á svæðinu og gefa þeim tækifæri til að æfa þá verkþætti sem þeim eru faldir í skipulagi almannavarna.

-Samvinna við Vopnafjarðardeild um undirbúning æfingarinnar.

-Að virkja nágrannadeildir til starfa til að efla samstarfsgrundvöll í framtíðinni.

b) Atriði við framkvæmd æfingarinnar:

Hlutverk Þórshafnardeildar Rauða kross Íslands:

-Opnun fjöldahjálparstöðvar þar sem neyðarnefnd var staðsett (íþróttahús).

-Opnun og starfræksla á söfnunarsvæði aðstandenda (safnaðarheimili).

-Skráninga og úrvinnsla skráningar.

-Upplýsingagjöf til aðstandenda.

-Sameining fjölskyldna.

-Aðstoð við flugvallarstarfsmenn í flugstöð og flutning á óslösuðum af SSÓ.

Stjórnun innan fjöldahjálpar og sem hluti af heildarstjórn

- Heildarúrvinnsla skráningar gekk vel hjá neyðarnefnd.
- Gott utanumhald um skrá yfir þá sem leituðu upplýsinga um ástvini.
- Mikil ánægja var með samvinnuna við prestana á Þórshöfn og Raufarhöfn sem unnu með sjálfboðaliðum Rauða krossins á söfnunarsvæði aðstandenda.
- Samskipti gengu vel og mikill styrkur var að hafa virka aðgerðastjórn í samvinnu við neyðarnefnd.

Samstarf og samvinna

- Mjög góð samvinna var innan fjöldahjálpar, þ.e. milli fjöldahjálparstöðvar og söfnunarsvæðis aðstandenda og presta á SSA.
- Samskipti við vettvang gengu vel.
- Góð samskipti við aðgerðastjórn á Húsavík.

Innra starf fjöldahjálpar

- Vinnan í heild sinni á söfnunarsvæði aðstandenda.
- Æfing áfallahjálparinnar tókst ákaflega vel og var klár verkaskipting á SSA og skipti fólkið með sér verkefnum bæði meðvitað og ómeðvitað og tókst vel á við erfið andleg viðbrögð „aðstandenda“.
- Vel gafst að hafa tvo presta á SSA, var það mál manna að það hefði virkað róandi á þá aðila sem voru á söfnunarsvæði aðstandenda.
- Gott utanumhald um það hverjir voru á SSA og um þær upplýsingar sem bárust aðstandendum símleiðis.

6. Það sem betur mátti fara og tillögur til úrbóta

a) Atriði við undirbúning æfingarinnar:

Þáttur sunnanmanna

- Mögulegt hefði verið að veita heimamönnum meiri aðstoð við undirbúning og þá sérstaklega á fyrstu stigum undirbúnings til að tryggja skilning manna á verkefninu.
Úrlausn > Að fara betur yfir verkefnið með undirbúningsaðilum á fyrstu stigum til að hægt sé að afla sjálfboðaliða og undirbúa verkþætti betur.
Úrlausn > Útbúa handbók fyrir deildarfólk um undirbúning fyrir æfingar.
- Það olli nokkrum ruglingi að deildarfólk tók að sér að afla leikara þegar skipa átti fólk í verkefni fjöldahjálparinnar.
Úrlausn > Fordást að sömu aðilar taki að sér að skipuleggja verkefni fjöldahjálpar og útvegum leikara.

Þáttur heimamanna

- Skortur á þjálfuðu fjöldahjálparfólki á staðnum.
Úrlausn > Að fjölga þjálfuðum fjöldahjálparstjórum deildarinnar á staðnum.
- Þurft hefði að virkja fleiri sjálfboðaliða til starfa strax í upphafi undirbúningstímans.
Úrlausn > Að hefja virkan undirbúning fyrr.
- Örlítið óöryggi í verkefnum fjöldahjálpar og undirbúningi æfingar.
Úrlausn > Virkari samskipti við undirbúningsaðila landsskrifstofu varðandi æfinguna.
- Að virkja fleiri af því þjálfaða neyðarvarnafólki sem er á staðnum.
Úrlausn > Að gera neyðarvarnafólki betur grein fyrir mikilvægi æfinga og þess að taka þátt í æfingu sem þessari.

b) Atriði við framkvæmd æfingarinnar:

Hlutverk starfsaðila:

- opnun fjöldahjálparstöðvar þar sem neyðarnefnd var staðsett
- opnun og starfræksla á söfnunarsvæði aðstandenda
- skráning og úrvinnsla skráningar
- upplýsingagjöf til aðstandenda
- sameining fjölskyldna
- aðstoð við flugvallarstarfsmenn í flugstöð og flutning á óslösuðum af SSÓ.

Stjórnun innan fjöldahjálpar og sem hluti af heildarstjórn

- Aðeins vantaði á öryggi í byrjun varðandi stjórnun aðgerða, en það lagaðist um leið og aðgerðir fóru í fullan gang.
Úrlausn > Að auka þekkingu neyðarvarnafólks á svæðinu og fjölga fjöldahjálparstjórum deildarinnar.
- Á söfnunarsvæði aðstandenda var það sama manneskjan sem sá um skráninguna og að svara í símann. Þetta var óhentugt því það var truflandi og gátu „aðstandendur” séð hvaða upplýsingar viðkomandi skrifaði um fórnarlömb.
Úrlausn > Að gera ráð fyrir sérstakri stjórnstöð á söfnunarsvæði aðstandenda sem hægt er að loka frá aðstandendum.

Samstarf og samvinna

- Samskipti og samstarf gekk almennt vel en það hefði auðveldað vinnu neyðarnefndar og gefið þeim betri innsýn í aðgerðina ef hún hefði verið í talstöðvarsambandi.
Úrlausn > Að tryggja talstöðvarsamband fjöldahjálpar við aðra samstarfsaðila.
- Ekki var klárt verklag á því hvernig fjöldahjálpin átti að fá aðstoð frá heilbrigðisþjónustunni.

Úrlausn> Að tryggja klárt verklag varðandi aðstoð inn í fjöldahjálpar og hafa símanúmer og tengilið heilbrigðisstofnunar inni í neyðarvarnaáætlun.

- Eitthvað vantaði á samskipti og upplýsingagjöf til aðstandenda og biðfarþega í flugstöð.

Úrlausn> Að tryggja upplýsingaflæði til fólks sem er í flugstöð og gefa upplýsingar um söfnunarsvæði aðstandenda sem og upplýsingasíma RKÍ.

Innra starf fjöldahjálpar

- Auka þarf þekkingu á fyrsta stigs áfallahjálpar/sálrænni skyndihjálpar hjá sjálfboðaliðum Rauða krossins.

Úrlausn> Að halda sérhæft námskeið í sálrænni skyndihjálpar fyrir fjöldahjálparstjóra og stuðningslið í neyðarvörnum.

- Neyðarnefnd gaf upplýsingar til aðstandenda um afdrif farþega og svaraði forvitnum íbúum, sem reyndist vera of mikið álag.

Úrlausn> Að gera ráð fyrir sérstakri símsvörunarmiðstöð til aðstandenda innan héraðs eða á landsskrifstofu Rauða kross Íslands í Reykjavík.

Úrlausn tæknilegra og faglegra atriða

- Talstöðvar Rauða kross deildar náðu ekki sambandi og virkuðu því ekki í íþróttahúsinu þar sem neyðarnefnd var að störfum.

Úrlausn>Ef gera á ráð fyrir íþróttahúsinu sem mögulegri starfsstöð, þarf að setja upp loftnet til að tryggja talstöðvarfjarskipti í húsinu.

7. Verkefni framundan og lærdómur:

Pórshafnardeild Rauða kross Íslands

- Fjölga þjálfuðu neyðarvarnafólki á svæðinu.
- Að vinna að myndun áfallahjálparteymis á svæðinu.

Fyrir undirbúningsaðila landsskrifstofu Rauða kross Íslands

- Að halda fjöldahjálparstjóránámskeið fyrir æfingar.
- Að bjóða upp á námskeið í almennri og sálrænni skyndihjálparstjóránámskeið fyrir fjöldahjálparstjóra og stuðningslið fyrir æfingar.
- Hraða vinnu við mótun skipulags og þjálfunar sjálfboðaliða í fyrsta stigs áfallahjálparstjóránámskeið.
- Halda námskeið í sálrænni skyndihjálparstjóránámskeið fyrir fjöldahjálparstjóra og stuðningslið um allt land.
- Að aðstoða við myndun áfallahjálparteyma í landinu.
- Að hraða vinnu við mótun heildarskipulags varðandi meðferð skráninga, upplýsinga og upplýsingagjafar milli Rauða kross Íslands og almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóránámskeiðs.
- Að ljúka vinnu landsfélags Rauða kross Íslands varðandi upplýsingasíma Rauða krossins.
- Að ljúka vinnu við upplýsingasíma Rauða krossins.
- Að ljúka við gerð verklagsreglna við almannavarnadeild Ríkislögreglustjóránámskeiðs um framkvæmd upplýsingagjafar til aðstandenda.

Fyrir flugslysaæfingastjórn

- Að forðast að halda æfinguna sjálfa á virkum degi.
- Að tryggja að í tíma sé búið að ganga frá útkallslistum fyrir alla viðbragðsaðila.
- Að gera ráð fyrir fjölmiðlaáreiti í æfingaskipulagi, bæði í fjöldahjálparstöð, á söfnunarsvæði aðstandenda og í upplýsingasíma.

Flugslysæfing á Þórshöfn 19.05.03 Þáttur 1. stigs áfallahjálpar

Hlutverk undirritaðs var að aðstoða við undirbúning og fylgjast með þeirri áfallahjálpar sem veitt var á söfnunarsvæði aðstandenda. Inn í æfinguna var búið að gera ráð fyrir því að veita „aðstandendum sjúklinga (farþega)” 1. stigs áfallahjálpar. Haldinn var undirbúningsfundur með RKÍ fólki á Þórshöfn þar sem farið var í gegnum fyrirkomulagið og veitt var fræðsla um 1. stigs áfallahjálpar.

Undirbúningur 1. stigs áfallahjálpar

Rauðakross deildin hafði unnið að því nokkru áður að fá heimamenn til að leika „aðstandendur og sjúklinga”. Það gekk sæmilega og með átaki sama dag og æfingin var reyndist unt að fá nokkurn hóp fólks þó ekki næðist að fá „aðstandendur” fyrir alla „sjúklingana”. Allir „aðstandendurnir” voru svo paraðir saman við ákveðna „sjúklinga” og fengu svo viss fyrirmæli um hvernig hlutverk þeir áttu að leika.

Söfnunarsvæði aðstandenda

Í neyðarvarnaáætlun er gert ráð fyrir að safnaðarheimili kirkjunnar á staðnum sé söfnunarsvæði aðstandenda. Á meðan að á æfingunni stóð var undirritaður staðsettur þar, fylgdist með, gaf ráð og leiðbeiningar eftir því sem með þurfti. Sóknarprestur staðarins var með í æfingunni og hafði kallað á sóknarprestinn frá Raufarhöfn sér til stuðnings. Þeir eru með það fyrirkomulag að veita hvor öðrum stuðning þegar svona staða kemur upp.

Æfingin

Æfingin fór á stað skv klukku undirritaðs kl 13:00. SMS skilaboð um útkall komu til RK fólks kl 13:04. Klukkan 13:10 var Rauða kross fólki sent út á flugvöll til að sækja aðstandendur.

Kl. 13:18 komu fyrstu „aðstandendurnir” inn á söfnunarsvæðið.

Kl. 13:48 komu fyrstu fréttir um að flestir „sjúklingar” væru komnir inn í skýli og verðið væri að hlúa að þeim. Einn „aðstandandi” hafði hlaupið út á flugbrautina og kom ekki með hinum „aðstandendunum”. Hann var settur í greiningu og kom ekki á SSA fyrir en kl. 13:53 eftir að hafa verið sendur í fjöldahjálparstöðina.

Kl. 14:20 komu fréttir af fyrsta „sjúklingnum” og fyrsti aðstandandinn var fluttur til hans yfir í fjöldahjálparstöðina. (Lengra getur undirritaður ekki rakið tímaskráninguna því skráningarblaðið týndist í öllum látunum).

Æfing áfallahjálparinnar tókst að mati undirritaðs ákaflega vel. Það fólki sem sinnti aðhlyningunni af kostgæfni og kunnáttu. „Aðstandendurnir” léku hlutverk sín af innlifun. Þeir höfðu fengið fyrirmæli um að leika mismunandi útfærslur af áfallaviðbrögðum þannig að það reyndi verulega á þá sem voru í aðhlyningunni. Það var ánægjulegt að sjá hvernig aðhlyningarfólkið gekk í sín störf og skipti með sér verkefnum. Þau virkuðu yfirveguð og róleg og sýndu lægni í að mæta þessum mismunandi viðbrögðum „aðstandenda”.

Viðrun

Vegna samninga milli Rauða kross Íslands og *Almannavarnaráðs þar sem kveðið er á um að samtökin taki að sér að veita 1. stigs áfallahjálp og viðrun, ef til almannavarnarástands kemur, var ákveðið að æfa þann þátt líka. Það að samtökin taka að sér viðrun, þýðir að allir sem taka þátt í aðgerðum sem þessum á vegum Rauða kross Íslands fá tækifæri til þess að fara í gegnum upplifanir sínar undir handleiðslu reyndra félagsmanna að aðgerðum loknum. Það hefur sýnt sig að viðrun er afar góð fyrirbyggjandi aðgerð gagnvart álagi og streitu sem gjarnan myndast við þessar aðstæður. Eftir æfingarnar bæði á Þórshöfn og Vopnafirði var þessari aðferð því beitt. Hver hópur fyrir sig, „sjúklingar“, „aðstandendur“, starfsfólk á SSA og í fjöldahjálparstöðinni, var látin fara yfir æfinguna eins og hún kom þeim fyrir sjónir. Sérhver einstaklingur fékk tækifæri til að tjá sig um upplifanir sínar og ræða þá styrki og þær hindranir sem honum fannst koma fram í æfingunni. Viðrunin var annars vegar í höndum undirritaðs og hins vegar í höndum Margrétar Blöndal frá Landlækniseimbættinu.

Stofnun áfallahjálparteymis

Þar sem að Rauða kross Íslands hefur verið falið það verkefni, ef til almannavarnar- ástands kemur, að veita 1. stigs áfallahjálp hafa samtökin viljað ýta undir myndun áfallateyma út um allt land. Slík teymi gætu tekið á þeim atvikum sem upp geta komið dagsdaglega auk þess að vera virkjuð í almannavarnarástandi.

Í tengslum við æfingarnar á Þórshöfn og Vopnafirði ræddu aðilar frá Rauða kross Íslands, Landlækniseimbættinu, heilsugæslunni og sóknarprestar á Þórshöfn og Raufarhöfn um stofnun slíks teymis fyrir norðausturland. Ekki voru þetta formlegar viðræður heldur voru ýmsar hugmyndir og möguleikar ræddir, en fólk var á einu máli um nauðsyn þessa að stofna slíkt teymi. Það er síðan á ábyrgð Landlækniseibættisins að framfylgja því að þetta verði gert.

Það sem fór vel:

- 1) Vinnan í heild sinni á söfnunarsvæði aðstandenda
- 2) Verkaskipting, aðhlyning, þolinmæði og leikni í að takast á við erfið andleg viðbrögð „aðstandenda“.
- 3) Samvinna prestanna og tengsl þeirra við Rauða kross fólkið.
- 4) Vel var haldið utan um skráningu á þeim aðstandendum sem voru á SSA.
- 5) Móttaka upplýsinga í gegnum síma og tilkynningar til aðstandenda. Sóknarpresturinn sá um þennan hluta og fórst það einkar vel úr hendi.

Það sem mætti athuga í framtíðinni:

- 1) Þegar „aðstandendum“ fækkar á söfnunarsvæðinu eru þeir sem sinna aðhlyningu og þeir „aðstandendur“ sem eftir eru orðnir þreyttir. Það þarf að gæta sérstaklega vel að þessu tímabili.
- 2) Þeir sem eru að veita aðhlyningu þurfa að gæta sín á því að „detta ekki út“ þegar lítið er að gerast eða fara að hópa sig saman í spjalli.

Hvað varðar undirbúning æfingarinnar og mætti athuga:

- 1) Það væri gott að vera búin að ganga frá því tímanlega fyrir æfinguna hverjir það eru sem ætla að leika jafnt „aðstandendur“ og „sjúklinga“ til að hafa betri tíma til að undirbúa fólkið.
- 2) Það þarf að skilja á milli þess sem heldur utan um sjúklingana og þess sem heldur utan um „aðstandendur“. Þannig þarf einn og sami aðilinn ekki að bera ábyrgð á báðum hópunum.
- 3) Það þarf að skoða vel þann þátt ferlisins sem snýr að því að RKÍ fólk sækir „aðstandendur“ út á flugvöll. Flestir „aðstandendur“ sem voru á flugvöllinum héldu því fram að undir raunverulegum aðstæðum hefðu þeir ekki hlýtt eins vel og þeir gerðu. Það þarf væntanlega að vera eh „yfirvald“ sem skýrir út fyrir fólki að það verði að rýma flugstöðina sem fyrst til að hægt sé að setja upp greiningarsvæði fyrir hina slösuðu. Menn þurfa jafnvel að vera undir það búinir að skipa fólki í burtu. Þetta getur verið erfitt fyrir Rauða kross fólkið sem er komið til að sækja „aðstandendurna“.

Jóhann Thoroddsen

Flugslysaefing 19. maí 2003

Umsögn Guðnýjar H. Björnsdóttur svæðisfulltrúa

Punktar um undirbúning og framkvæmd vegna flugslysaefinga sem haldnar voru dagana 14. og 19. maí 2003 á Þórshöfn og Vopnafirði

Fimmtudaginn 13. mars sl. voru haldnir kynningarfundir á Þórshöfn og Vopnafirði þar sem aðilar frá Flugmálastjórn, almannavörnum, slökkviliðinu á Akureyri og LSH í Fossvogi komu og kynntu viðbragðsaðilum heima fyrir fyrirhugaðar æfingar á svæðinu.

Farið var yfir tilgang og markmið slíkra æfinga, undirbúning, samhæfingu og þann lærdóm sem menn geta af henni dregið.

Voru menn almennt mjög jákvæðir fyrir að taka þátt í æfingunni.

Rauða kross deildirnar á svæðinu tóku að sér að útvega leikara í æfingarnar þ.e. sjúklinga og aðstandendur, auk sinna sammingsbundnu þátta innan almannavarna.

Undanfarna mánuði hefur verið í gangi vinna við gerð og uppfærslu neyðarvarnaáætlunar fyrir Rauða kross deild Þórshafnar og hef ég verið inni í þeirri vinnu. Var kapp lagt á að ljúka henni fyrir æfinguna, sem og tókst.

Á Vopnafirði er ekki til nein neyðarvarnaáætlun en á fundinn mættu 2 fjöldahjálparstjórar. Rauða kross deildin á Vopnafirði hefur gert samkomulag við slysavarnadeild kvenna á staðnum um að hún sjá um fjölda- og félagslegt hjálparstarf deildarinnar.

Voru menn að vonum stressaðir yfir stöðu mála, en kom saman um að ekki væri tími til að halda námskeið í fjöldahjálp með svo stuttum fyrirvara, en fullur vilji til að taka þátt í æfingunni og halda námskeið frekar í haust.

Í framhaldinu var farið að ræða um þá fræðslu sem að deildafólk vildi fá fyrir æfinguna og varð að samkomulagi að fræðsla í sálrænni skyndihjálp, skráningu, samskiptum við fjölmiðla og yfirferð yfir hlutverk Rauða krossins, væri það sem þyrfti. Þegar svo lá fyrir að Rauði kross deildir ættu einnig að taka þátt í förðun sjúklinga þá bættist við fræðsla á þeim þætti.

Miðvikudaginn 14. maí fór ég til Þórshafnar og var með skráningaræfingu fyrir deildafólk bæði frá Þórshöfn og Vopnafirði, mættu fjórar konur frá hvorum stað.

Seinni partinn daginn eftir hófst svo fræðsla sem stóð yfir með hléum þar til æfingarnar sjálfar hófust.

Það sem ég held að komi út úr svona æfingum, fyrir utan samhæfinguna og það að aðilar geri sér grein fyrir mikilvægi allra viðbragðsaðila (sem nokkuð hefur skort á að “mjúku þættirnir hefðu sinn sess”), er hversu raunverulegt þetta var fyrir þeim sem að æfingunni komu og þar af leiðandi held ég að mönnum sé miklu betur ljóst mikilvægi þess að manna lykilstöður, fólki sem getur unnið undir því álagi sem að raunverulegir atburðir kalla á.

Það að vera ekki með neitt skilgreint hlutverk í æfingu og undirbúningi gaf mér kost á að fylgjast með á starfssvæðum og fá þar af leiðandi betri yfirsýn yfir alla þættina, sem mun nýtast mér vel. Þegar á heildina er litið tókst æfingin mjög vel, miðað við að ekki var búið að manna stöður fyrir en á elleftu stundu, sem að óhjákvæmilega gerði alla undirbúningsvinnu miklu erfiðara en skyldi.

Það sem þarf að gera í framtíðinni er að fylgja eftir þeirri vakningu sem átt hefur sér stað, með því að stofna áfallahjálparteymi á svæðinu og mennta fleiri fjöldahjálparstjóra hjá þessum deildum.

Júní 2003

Guðný H. Björnsdóttir, svæðisfulltrúi á Norðurlandi.

Flugvallarstarfsmenn

Flugslýsaæfingin Þórshöfn 2003

Hópur: Flugvallarstarfsmenn

Hópstjóri: Jóhann Þór Jónsson

Undirritaður var hópstjóri yfir hópnum flugvallarstarfsmenn.

Auk undirritaðs voru í þessum hóp

Rolf Tryggvasson

Slökkviliði Akureyrar

Jón Friðrik Jóhannsson

Slökkviliði Höfuðborgarsvæðis

Bergþór N Bergþórsson

Flugmálastjórn

Undirbúningur:

Ákveðið var að slá saman flugvallarvörðum og slökkviliði Þórshafnar í undirbúningi fyrir æfinguna. Undirbúningur fólst í fyrirlestrum og svokölluðum spilverkefnum. Spilverkefni er æfingar þar sem notast er við leikfangabíla og flugvélar, hægt er að líkja eftir flugslysum og viðbrögðum við þeim. Þetta fyrirkomulag féll í góðan jarðveg hjá heimamönnum

Flugvallarstarfsmenn:

Undirritaður var staddur á vettvangi og fylgdist með störfum flugvallarslökkviliðs.

Æfingin var sett í gang um leið og búið var að kveikja í flökunum. Þar sem undirritaður sá einnig um að kveikja í flökunum og viðhalda eldi í þeim er ég ekki með neinar tímasetningar.

Tveir starfsmenn voru við vinnu á flugvellinum þegar æfingin fór fram, einn í turni og annar við afgreiðslu og þessháttar. Þegar æfingin var ræst byrjaði starfsmaður í turni á því að tilkynna til neyðarlínu um atvikið, gallaði sig og hélt svo af stað á vettvanginn.

Þegar hann kom á vettvanginn stillti hann slökkvibílnum upp við flökin. Það má segja að þarna hafi farið fram sýnikennsla í því hvernig flugvallarslökkviliðsmaður skuli bera sig að við flugslys. Jón vann alveg eftir bókinni öll vinnubrögð voru fumlaus og yfirvegð og hann náði að halda eldinum í skefjum alveg þangað til bæjarlökkvilið kom á staðin. Þegar Björgunarstjóri kom á vettvang gaf hann sig á tal við Jón og þeir ræddu málin, eftir það fór Jón aftur í flugstöð til að undirbúa komu sjúkraflugs og fl.

Atriði sem vel fóru:

- Staðsetning slökkvibifreiðar var mjög góð með tilliti til vettvang og vinds.
- Bíllinn virkaði sem skildi og er það stór plús. Það er fyrst og fremst að þakka reglulegu eftirliti og prófunum starfsmanna
- Starfsmaður vann mjög vel og var yfirvegaður og vann sínu vinnu óaðfinnanlega þrátt fyrir mikið álag.
- Starfsmaður skilaði góðri skýrslu til björgunarstjóra áður en björgunarstjóri sendi hann til baka í flugstöð.

Atriði sem betur mega fara:

- Slökkvibíllinn stendur úti allan ársins hring og er því farið að sjá verulega á bílnum og tækjabúnaði hans, búnaður bílsins er þó prófaður reglulega og er það gott.
Tillögur til úrbóta. Þar sem á bílnum er viðkvæmur búnaður sem hefur átt það til að bila á sambærilegum bílum sem eru víða um landið væri ekki verra að byggt yrði hús fyrir bíllinn þannig að hann gæti staðið inni.
- Eitthvað virtist það tefja starfsmanninn að þurfa að fara í slökkvigalla, þó svo að hann hafi tafist um ca 30 sek er það alveg þess virði að gefa sér tíma í það að galla sig rétt og vera þannig í réttum hlífðarbúnaði við slökkvistörfin.
Tillögur til úrbóta. Á þeim flugvöllum þar sem til eru slökkvigallar höfum við verið að mæla með því að starfsmenn séu í neðri hluta slökkvigallans við landingar og flugtök. Þannig er hægt að stytta tíman verulega sem fer í það að galla sig.

Jóhann Þór Jónsson
Slökkviliði Akureyrar

Rannsókn og skráning

Flugslysaæfingin Þórshöfn 2003

Hópur: Rannsókn og skráning

Hópstjóri: Steinar Steinarsson

Rannsóknarþátturinn var ekki hluti af æfingunni að öðru leyti en því að áhersla var lögð á verndun vettvangs með tilliti til rannsóknar. Einnig var boðun rannsakenda gegnum Neyðarlínu hluti af æfingunni. Boðun til Rannsóknarnefndar flugslysa kom 11 mínútum eftir að neyðarlínan fékk tilkynningu um að æfingin væri hafin, sem er mjög gott.

1. Í skráningarhópi voru:

- g) Starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og Rauðakrossdeildar Þórshafnar.
- h) Með heimamönnum starfaði Bára Benediktsdóttir hjúkrunarfræðingur, á vegum Slysa- og bráðadeildar LSH og undirritaður.
- i) Við skráningu störfuðu Anna Jenný Einarsdóttir og Hilma Steinarsdóttir á söfnunarsvæði (SSÓ og SSS) og Sigurrós Jónasdóttir við komu skjólstæðinga á endastöð.

2. Eftirlit með skráningu á æfingunni:

- e) Steinar Steinarsson

3. Tímasetningar helstu atburða (miðað við klukkur viðkomandi).

Kl.	
12:59	Æfing hafin
13:01	Neyðarlínan skráir flugslys
13:12	Neyðarlínan tilkynnir RNF
13:20	Fyrstu sjúklingar koma á SSÓ/SSS
15:25	Lok, Samræmingarblað sent til Aðgerðarstjórnar frá Fjöldahjálparstöð

4. Hvernig þótti verkþáttur skráningar ganga á æfingunni almennt?

Vel að öðru leiti en því að hnökrar voru á útskráningu af söfnunarsvæðum (SSÓ, SSS). Skráningin gekk upp.

5. Það sem **vel tókst til** við skráningu.

- e) Atriði við framkvæmd æfingarinnar:
 - Starfsaðilar skiluðu vel sínum hlutverkum.
 - Allir skjólstæðingar skiluðu sér í skráningunni.
 - Upplýsingastreymi til aðhlyningarstjóra var að mestu leyti gott.
 - Upplýsingastreymi í fjöldahjálparstöð var gott.
 - Innskráning inn á „sjúkrastofnun“ fjöldahjálparstöð var í góðu lagi.

6. Það sem **betur mátti fara** og **tillögur til úrbóta**.

- e) Atriði við undirbúning æfingarinnar:
 - Þáttur sunnanmanna. Skráning skjólstæðinga í hópslysi er stór þáttur í úrvinnslu og samræming milli viðbragðsaðila lykilatriði til þess að hún gangi upp. Núverandi kerfi er hægt að bæta með því að taka í gagnið ný frumgreiningarspjöld sem hafa verið útbúin og með réttri kynningu á notkun þeirra væri hægt að bæta skráningarferlið. Einfalda þarf skráningarblað og jafnvel að prenta leiðbeiningar aftan á eyðublaðið. Heildarsamræming þarf að eiga sér stað milli Landlæknisembættis og Ríkislögreglustjóra og er það að verða mjög brýnt verkefni.
 - Þáttur heimamanna. Smá hnökrar í útskráningu af söfnunarsvæði. Dálkur fyrir tímasetning á sendingu skráningarblaðs mætti vera til staðar. Þetta eru minniháttar atriði sem er afleiðing af kerfi sem er ekki fullmótað.

Steinar Steinarsson flugstjóri
Rannsóknarnefnd flugslysa

Fjarskipti

Flugslysæfingin Þórshöfn 2003

Hópur: Fjarskipti	Hópstjóri: Jónína S. Sigurðardóttir
--------------------------	--

Þórshöfn.

Samkvæmt fjarskiptaskipulagi sem unnið var fyrir æfinguna áttu fjarskipti að fara fram á rás 5 sem er ekki endurvarparás. Einnig kom aðgerðarstjórn saman á Húsavík og átti að nota rás 1, lögreglurás á endurvarpa á Húsavíkurfjalli, en sú rás var biluð þegar til átti að taka og var því samband á milli vettvangs og aðgerðarstjórnar í gengum síma. Er það ekki góður kostur því nauðsynlegt er að aðgerðarstjórn geti fylgst með fjarskiptum beint frá vettvangi. Rás 5 var nokkuð skýr. Hins vegar skiluðu fjarskipti sér misjanlega vel á milli stjórnanda og vettvangs, þannig að fjarskipti á æfingunni hefðu mátt ganga betur í heild sinni.

Að lokum.

Á báðum æfingunum var vont veður, rigning og hvasst. Það átti sinn þátt í því t.d. á Þórshöfn að fjarskipti voru að detta út og inn. Einnig bar á töluverðu æfingarleysi við notkun fjarskipta og meðhöndlun á stöðvunum. Ljóst er að þegar verið er að undirbúa svona æfingar þá þarf að renna yfir og veita heimafólki fræðslu í farskiptum, bæði í meðhöndlun stöðvanna, hvernig stöðvarnar vinna og svo það hvernig á að bera sig að við að tala í stöðvarnar bæði við slæmar og góðar aðstæður. Á báðum stöðum var vöntun á talstöðvum bæði hjá lögreglu og öðrum viðbragðsaðilum.

Jónína Sigurðardóttir
Sími 608-442-4159

Viðaukar

Úrvinnslufundur v. hópslysaeðingar á Þórshöfn 19.05.2003.

Mættir voru: Jón Stefánsson, vaktstjóri, Jóhann Þórarinnsson, gæslustjóri, Ásta Laufey Þórarinsdóttir, aðhlyningarstjóri og Siggeir Stefánsson, f.h. flutningsstjóra.

Farið var yfir undirbúning æfingarinnar, framgang og þá vankanta sem upp komu.

Almenn ánægja var með undirbúninginn. Heimamenn hefðu mátt vera meira afgerandi og koma betur sínum hugmyndum á framfæri.

Fyrsta útkall kom kl. 13.04. boðað var með SMS-skilaboðum. Þessi háttur hefur ýmsa vankanta þar sem ekki eru allir með GSM-síma og víða er gsm-samband lélegt eða jafnvel ekkert. Lögreglan var kölluð út 7 mín. eftir að fyrsta útkall kom. Hjálparlið frá nálægum héruðum var ekki kallað út samtímis eins og ráð hafði verið fyrir gert og þurfti að áréttu að þeir aðilar yrðu kallaðir út til neyðarlínunnar.

Slysstaður var vel útbúinn.

Á slysstað fannst mönnum óljóst hver það væri sem færi með stjórnunina og voru þess vegna dálítið ráðvilltir. Gæslustjóri fór dálítið út fyrir sitt starfssvið þar sem honum fannst þörfin vera meiri fyrir sig við að hlúa að slösuðum en við að gæta vettvangsins.

Björgunarstjóra fannst sitt svarfssvið óljóst og óljóst til hvers væri ætlast af honum, féll um tíma í hóp slökkviliðsmanna og átti þar af leiðandi erfitt með að hafa yfirsýn yfir vettvanginn.

Hjálpararveitar-/sjúkraflutningsmenn hefðu getað sýnt meira frumkvæði og verið meira afgerandi. Menn þurfa að vera betur vakandi fyrir því að þeir geta þurft að taka stjórnina, þó ekki hafi verið gert ráð fyrir því í upphafi.

Sambandsleysi var milli slysstaðar og söfnunarsvæðis slasaðra sem var bagalegt.

Menn notuðu ekki þann fjarskiptabúnað sem til var og reiknuðu með að aðrir sæju um upplýsingar milli staða.

Farið var of nærri slysstað á tækjum þegar farið var inn á innrasvæðið til að sinna slösuðum.

Vandamál komu upp varðandi notkun á talstöðvum. Ekki voru allir vanir að nota talstöðvar og það að nota aukahluti eins og handfrjálсан búnað gengur ekki.

Batterí entust mjög stutt og þurftu þrír aðilar að skipta um stöðvar á meðan á æfingunni stóð.

Björgunarstjóri þurfti að skipta t.d. 2 svar um talstöð.

Á söfnunarsvæði slasaðra þar sem nánari greining, umönnun og undirbúningur f. frekari flutning fór fram kom berlega í ljós að fólk var að vinna í skipulagi sem því var framandi og það fann sig ekki í.

Nauðsynlegt er að fólk vinni við það skipulag sem því er eðlilegt að nota.

Skráning slasaðra var á reiki, óljóst var hversu margir voru komnir á söfnunarsvæðið.

Mjög áriðandi er að halda vel utan um skráningu slasaðra og skrá sé hvert þeir fara.

Vettvangsstjóri taldi mjög nauðsynlegt að hafa vettvangsstjórn sér til aðstoðar ef til slíks hópslys kæmi, því einn maður gæti ekki sinnt því sem sinna þarf við slíkar aðstæður.

Fundarmenn sammála um að í megin atriðum hafi vel tekist til og nauðsynlegt sé að halda æfingar reglulega þó þær yrðu ekki eins umfangsmiklar og flugslysaeðingin var nú, t.d. einu sinni á ári.

Yfirfara þarf björgunarbúnað reglulega, taka hann fram og farið sé yfir hvernig hann sé notaður.

Ásta Laufey Þórarinsdóttir, aðhlyningarstjóri.

Hugleiðingar eftir flugslysæfingu á Þórshafnarflugvelli 19. maí 2003

Útkall

Útkall kom um boðkerfi í gsm síma frá neyðarlínu kl. 13:02 (Æfing Æfing Flugslysæfing á Þórshöfn. Flugvél brotlent. Æfing Æfing)

Fyrstu viðbrögð

Eftir að fyrirfram ákveðin tími, tvær mínútur, voru liðnar frá útkalli fór ég beint út á flugvöll þar sem ég taldi víst að einhverjir biðu farþega með flugvélinni. Á undan mér á leið á „slysstað” sá ég slökkvilið og lögreglu. Við vesturenda flugbrautarinnar logaði eldur á a.m.k. einum stað og bíll flugvallarins var þegar kominn á „slysstaðinn”

Þegar kom að flugstöðvarbyggingunni kom maður hlaupandi þaðan út og var hann greinilega í mikilli geðshræringu. Ég reyndi að stöðva hann en hann var kominn inn í biðreið sem var á staði og ók rակleitt inn á flugvöllinn og í átt að „slysstaðnum”. Inni í flugstöðvarbyggingunni var starfsmaður Flugfélags Íslands og nokkrir einstaklingar, sem biðu komu farþega með flugvélinni. Þau voru öll greinilega mjög miður sín og töluðu í sífellu og heyrðust orð eins og: „Er nokkrar fréttir komnar?”, „Það kemst varla nokkur lifandi úr þessu”, „ég sagði henni að hún hefði átt að koma með áætlunarbílnum”, „þeir kunna ekkert að fljúga í svona þöku”, og fleira í þessum dúr.

Rétt á eftir mér komu fulltrúar RKÍ á þremur bifreiðum og var strax hafist handa við að fá fólkið með úr flugstöðvarbyggingunni en samkvæmt neyðarvarnaráætlun átti að flytja það í safnaðarheimili Þórshafnarkirkju þar sem komið skyldi upp söfnunarsvæði aðstandenda. Þetta gekk vonum framár.

Úrlausn á söfnunarsvæði aðstandenda

Þegar komið var í safnaðarheimilið voru þangað komnir fleiri fulltrúar RKÍ og þarna var fyrst hægt að gera sér grein fyrir ástandi fólksins sem allt var í miklu uppnámi. RKÍ fólk ásamt mér hófum strax að ræða við fólkið og fengum upplýsingar um nöfn þess og nöfn farþega sem þau biðu eftir og tengsl þeirra við farþegana. Þau sýndu flest sem vænta má af fólki í þessum aðstæðum, allt frá reiði út í flugmennina, björgunarlið, okkur sem tókum þau af staðnum og farþegana og til algjörs doða. Einn aðstandenda fór fljótlega í hlutverk huggara. Hjá einum aðstandenda rifjaldist upp flugslys fyrir mörgum árum þar sem ástvinir fórust.

Rétt upp úr kl. 13:30 kom sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir frá Raufarhöfn, en ég hafði látið kalla hana út, og var mikill styrkur að því að fá hana á svæðið.

Aðstandendum þótti biðin löng og mínútur lengi að líða. Reynt var að ganga á milli þeirra og ræða við þá með huggunar- og hughreystingarorðum. Þar kom að fyrstu fregnir bárust um farþega þannig að fjórir væru á leið í fjöldahjálparstöð og að látið yrði vita þegar þeir kæmu þangað þannig að aðstandendur gætu hitt þá. Þessum fregnum var komið til viðkomandi aðstandenda, en aðstandendur þriggja þeirra voru á söfnunarsvæðinu.

Aðstandandinn sem ekið hafði inn á flugvallarsvæðið í upphafi kom nú á söfnunarsvæðið og var hann í mjög miklu uppnámi. Talaði mikið og lýsti því sem hann hafði séð á „slysstaðnum”. Hann hafði séð slasað fólk um allt svæðið og talaði um að fimm væru látnir. Þegar hér var komið sögu var hann tekinn afsíðis og leitast við að róa hann niður. Þessi lýsing hans fékk mikið á aðra aðstandendur og fór RKÍ fólk og sr. Arna í að tala við þá.

Enn leið tími og þá bárust fréttir um að þrír af þessum fjórum væru komnir í fjöldahjálparstöðina og voru aðstandendur fluttir til fundar við þá. Aðstandandi þess fjórða fylltist nú enn meiri angist og spurði hvers vegna „systir” sín hefði ekki komið eins og sagt hafði verið. Reynt var að sitja með aðstandandanum og eftir atvikum ræða við hann.

Þá bárust fregnir af fjórum til viðbótar sem komnir væru í fjöldahjálparstöð og voru aðstandendur þeirra fluttir til fundar við þá. Þau sem eftir biðu fylltust nú enn meiri angist. Hvers vegna fengu þau engar fréttir? Var ekki búið að finna alla sem voru í flugvélinni?

Við fengum alla til að setjast niður og sr. Arna leiddi bæn þar sem hún bað fyrir farþegum og áhöfn flugvélarinnar, okkur sem biðum fréttu svo og björgunarfólki og öðru hjálparfólki. Þessi stund var mjög áhrifamikil og ró færðist yfir hópinn.

Þá kom frétt um að einn farþegi væri látinn og aðstandandi hans var hér á söfnunarsvæðinu. Ég bað hann að koma með mér inn á skrifstofu og á leið þangað fann ég örvæntingu hans magnast og fannst mér hann skynja fréttina sem ég myndi færa honum. Það var ekki auðvelt að tilkynna um andlát „systur” og féll aðstandandinn í grát og margendurtók: „Ég sagði henni að koma með bílnum, en hún vildi endilega fljúga.” „Hvað verður nú um börnin hennar, mamma getur ekki tekið þau að sér.” „Ég verð bara að fá þau til mín.” Eftir nokkra stund var henni fylgt á „sjúkrahúsið” þar sem hún fékk að sjá „lík” „systur” sinnar.

Stuttu síðar fengust þær upplýsingar að „ástvinir” þeirra sem enn biðu á söfnunarsvæðinu hefðu verið fluttir með sjúkraflugi á sjúkrahús. Þeir voru því fluttir í fjöldahjálparstöðina þar sem þeim voru gefnar frekari upplýsingar um „ástvinina”.

Söfnunarsvæði aðstandenda var þar með lokað og starfsmenn þar fóru í fjöldahjálparstöð og þátttöku okkar í þessar æfingu þar með lokið.

Niðurstaða

Að mínu mati lögðu allir sem komu að þessari æfingu sig mjög fram um að sinna þeim hlutverkum sem þeim voru fengin í samræmi við alvarleika og þær aðstæður sem þeim var ætlað að vera í.

Þau sem léku aðstandendur skiluðu öll hlutverkum sínum af mikilli innlifun og sannfæringu. Við sem vorum í hlutverkum huggarans, sálgætisins og aðhlynnandans fengum því að takast á við veruleika sem fór nálægt því að vera eins og í raunverulegum aðstæðum þá eðlilega skilji talsvert á milli æfingar og veruleika.

Það reyndi þó á okkur í þessum hlutverkum og persónulega finnst mér þessi æfing hafa skilað mér talsverðum upplýsingum um hver ég er í slíkum aðstæðum. Þetta kenndi mér heilmikið um hvernig maður vildi geta unnið í raunverulegum aðstæðum. Ég fann hve mikill styrkur var af því að geta kallað mér til aðstoðar nágrannaprest og hve gott var að hafa starfsfólk RKÍ á staðnum, fólk sem hefur kynnt sér sálræna skyndihjálpar og er reiðubúið að veita aðstoð í tilvikum sem þessum. Æfingin tengdi okkur saman sem starfshóp og sýndi okkur fram á að við, hvert á sínum stað, erum hlekkur í stórri keðju sem saman er að vinna að úrlausn stórs verkefnis og einnig það að í slíku starfi er hver hlekkur mikilvægur.

Það sem betur hefði mátt fara

Upplýsingar frá fjöldahjálparstöð í Íþróttahúsinu til söfnunarsvæðis aðstandenda í safnaðarheimili kirkjunnar bárust eingöngu um síma þar sem ekki tókst að koma á sambandi um fax sem þó eru á báðum stöðunum.

Upplýsingar, sem bárust til söfnunarsvæðis aðstandenda, um að fjórir væru á leið í fjöldahjálparstöð, voru ónákvæmar eins og síðar kom í ljós, og ollu miklu hugarangri. Langur tími leið frá því þær upplýsingar bárust og þar til „aðstandendum” þriggja var heimilað að fara til fjöldahjálparstöðvar og hitta sitt fólk. Eftir allnokkra bið til viðbótar fyrir „aðstandanda”, sem fengið hafði fregnir þess efnis að „systir” væri á leið í fjöldahjálparstöð, kom tilkynning um að „systirin” væri látin.

Fara þarf yfir þetta ferli og leita svara við spurningum um hvernig það gerðist að upplýsingar voru með þessum hætti.

Þórshöfn 28. júlí 2003

Sveinbjörn Bjarnason
sóknarprestur
s.: 468 1103 / 898 5434

Mánudagur 18. maí 2003

Rýnifundur á Þórshöfn

Fundur hófst kl. 18:00 með því að **Árni Birgisson** bauð alla velkomna. Síðan komu hópstjórar, hver af öðrum og fóru í stuttu máli yfir helstu atriði sem að þeim snéru.

Víðir Reynisson rakti helstu atriðin og sagði Vettvangsstjórnina hafa gengið mjög vel.

Jónína Sigurðardóttir taldi fjarskipti hafa gengið upp. Samskipti voru öguð. Kerfið var frekar ótryggt og vöntun á talstöðvum.

Jón Friðrik sagði að vel hefði gengið hjá vallarstarfsmanni að komast út á vallahólfnum og hefja slökkvistarf.

Jón Baldursson var ánægður með áhuga á sjúkrahjálpi.

Ágúst Svansson nefndi m.a. gott starf hjá Jóhanni Jónssyni, lögreglumanni á Þórshöfn.

Jón Friðrik talaði fyrir Atla Má Markússon sem var farinn en sagði að honum myndist björgunarsveitarmenn hefðu mátt hefjast handa fyrir.

Jón Baldursson sagði varðandi sjúkraflugið, að skortur hefði verið á fjarskiptum við það.

Herdís Sigurjónsdóttir taldi upplýsingar til aðstandenda í flugstöð vanta.

Árni Birgisson ræddi aðeins um að þó svo að ekki hafi verið gert ráð fyrir aðgerðarstjórn, þá hafi hlutirnir gengið vel fyrir sig og mikill dugnaður hjá þeim sem að æfingunni komu.

Guðbjörg Pálsdóttir ræddi aðeins um skráningu í fjarveru Steinars Steinarssonar og var ánægð með þau mál.

Vigdís Agnarsdóttir sagði að þeir sem hefðu leikið sjúklinga hefðu yfirleitt verið ánægðir með þá meðhöndlun sem þeir fengu.

Jón Stefánsson, vettvangsstjóri sagði boðun hafa misfarist og frétti hann kl. 14:00, hjá björgunarsveitarmanni hvað hafði skeð. Smá hnökrar voru á fjarskiptum. Eitthvað misræmi var í samræmingu á fjölda slasaðra. Að öðru leyti gekk þetta vel fyrir sig og þakkaði hann öllum. Hann bar hópnum kveðju frá Sýslumanni.

Henry, björgunarstjóri tekur undir það sem fram kom um fjarskipti og segir að talstöðvar hafi klikkað. Æfingin var þörf og fræðandi. Samskipti gengu vel og þakkar samstarfið.

Laufey, aðhlyningarstjóri taldi SMS boð ekki henta nógu vel og séu ekki nægilega skýr. Smá samkiptaleysi kom upp og hnökrar á fjarskiptum. Það hefði mátt vera meiri stjórn á slysstað en annars væri hún mjög ánægð.

Víðir útskýrði SMS boðunina. Sumir voru boðaðir með hringingu eins og lögregla og lækna. 8 mín. er of langur boðunartími. Þetta er í þróun. BOÐI er talskilaboðs-kerfi sem líka er verið að þróa.

Jóhann Þórisson, gæslustjóri sagðist hafa verið fullákafur í byrjun og fór að sinna sjúklingum. Sjúkrabíll ók um vettvang sem gat skapað hættu.

Sveinbjörn Bjarnason, prestur taldi að boðunarkerfið þyrfti að efla því GSM næðist ekki allsstaðar. Hann fór strax út á flugvöll og sagði að það hlyti að vera skelfilegt að vera aðstandandi við svona aðstæður. Rauðakross-fólk kom fljótlega, jafnvel of fljótt. Vinnan í safnaðarheimilinu gekk mjög vel. Öll tilfinningaflóran kemur upp hjá fólki: reiði vegna seinangangs með björgun, dofi o.fl. Hann var mjög ánægður og þakklátur og sagði svona hluti hjálpa okkur að horfast í augu við okkur sjálf. “Hvar stend ég í slíkum atburði?” Síðan nefndi hann að samstarf við RKÍ og alla aðra hefði gengið mjög vel.

Jón Baldursson varpaði fram til umhugsunar ýmsum atriðum. “Hvernig tækist að rýma flugstöðina í raunveruleikanum?” Gott væri að kanna með annað húsnæði, rýma það og merkja sem viðtökustað.

Árni Birgisson hvatti heimamenn til að setja upp eigin æfingu. Það kemur ekki svona æfing aftur. Þetta var undirbúningur fyrir þá að halda þessum málum við.

Margrét Blöndal bar kveðju frá landlækni sem gat ekki komið sjálfur eins og til stóð. Hún sagði góða umræðu vera í gangi á svæðinu um áfallahjálparteymi. Margir aðilar koma að áfallahjálpi, t.d. RKÍ, prestar, heilbrigðisþjónustan, kennarar o.fl. Samvinna er mjög mikilvæg. Hún mun láta landlækni fá góða umsögn um þessi mál héðan.

Jón Guðbrandsson, flugvallarvörður sagði að það hefði tekið tíma að svara spurningum Neyðarlínunnar eftir að hann hringdi í 112. Einnig tók tíma að komast í vinnubuxurnar áður en hann fór í bílinn til að slökkva í flakinu. “Það hlýtur að vera betra að hafa heilan brunagalla.” Hann fékk góðan undirbúning þannig að sálarlífið var ágætt meðan á upphafsáðgerðum stóð. Þjálfun skiptir því miklu máli og er nauðsynleg. Þegar hann kom síðan aftur upp í turn, fór hann að skjálfa því þetta var allt svo raunverulegt. Hann þakkar fyrir og sagði að samskiptin hefðu verið góð.

Rolf Tryggvason frá slökkviliði Akureyrar svaraði Jóni varðandi buxurnar og sagði að best væri að vera í buxunum þegar vélar lenda.

Árni Birgisson fór yfir næstu skref. Hann hvatti menn til að skrá niður punkta og senda til FMS. Þörf væri á að útbúa hópslysaáætlun og kynna hana. Hann tók dæmi um skýrslu eftir æfingu á Ísafirði 1989. Tillögur til úrbóta komu upp í samskonar skýrslu 10 árum síðar, 1999.

Þórir í slökkviliði Þórshafnar sagði engan brunahana vera á flugvellingnum og það hefði tekið stutta stund að tæma vatnið úr slökkvibílnum.

Rolf svaraði því til að þeir hafi eytt of miklu púðri í að slökkva elda sem þurfti ekki að slökkva – það var nóg vatn.

Árni ræddi um það hvernig æfingin kom til. Verið var að ræða bátamál þegar einn áhugasamur aðili, Siggeir Stefánsson sýndi því mikinn áhuga, að fá þennan æfingahóp á þetta svæði.

Siggeir úr björgunarsveitinni Hafliða sagði björgunarsveitarmennina hafa beðið í búðunum eins og um var rætt þar til útkallið kom. Þetta gekk allt vel, nema hvað þeir biðu eftir að einhver stjórnaði þeim. Hann lærði mikið af æfingunni og var þakklátur. Vonandi verður hægt að nýta þetta til að byggja upp og heimamenn haldið síðan æfingu aftur.

Víðir þakkaði heimamönnum fyrir og var klappað fyrir þeim.

Sigurður Hermannsson, umdæmisstjóri Flugmálastjórnar á Norðurlandi þakkaði öllum og sagði mikilvægt fyrir Flugmálastjórn að halda æfingu sem þessa. Ráðnir hafa verið öflugir menn, eins og Árni Birgisson, sem halda um björgunarmálefnið. Einnig telur hann heimamenn búa yfir öflugum liði. Sem betur fer eru flugslys ekki algeng. Þess vegna þarf að æfa viðbrögð til þess að þau séu rétt og fumlauð ef eitthvað skeður. Þetta er þriðja æfingin sem hann er viðstaddur og lærir hann alltaf eitthvað nýtt. Þessi æfing var best vegna þess að hann fékk að vera þátttakandi með því að “fljúga” Metro og Otter vélum. Hann þakkaði Árna, fylgdarliði og öllum öðrum þátttökum.

Fundi slitið kl. 19:54

Fundarritari: Bergþór N. Bergþórsson.